# Fornleifaskráning
## í landi Hvaleyrar og Grísaness
## Hafnarfirði




Katrín Gunnarsdóttir
Byggðasafn Hafnarfjarðar

janúar 2005


Hvaleyri
Ásland
A
B
C
D
D
K
F
G
E
E
J
I
H

# EFNISYFIRLIT

Yfirlitskort ........................................................................................ 1
Inngangur ........................................................................................ 3
Tilgangur fornleifaskráninga........................................................................................ 4
Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar ........................................ 5
Hvaleyri........................................................................................ 8
Sögulegt yfirlit........................................................................................ 8
Náttúrufar og jarðabætur........................................................................................ 10
Niðurstöður: Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á golfvellinum á vegum Golfklúbbsins Keilis og fráveitulagnar sem á að liggja með Hvaleyrarhöfða.... 11
Samantekt fornleifaskráningar á golfvelli Keilis á Hvaleyri............ 14
Niðurstöður: Framtíðar byggingasvæði, fyrir deiliskipulag í landi Hvaleyrar, eru merkt á korti með bókstöfunum D, E, F og G, og niðurstöðum fornleifaskráningar á hverju svæði........................................................................................ 16
Svæði D ........................................................................................ 16
Svæði E ........................................................................................ 16
Svæði F........................................................................................ 16
Svæði G........................................................................................ 16
Svæði H........................................................................................ 16
Svæði I ........................................................................................ 16
Svæði J ........................................................................................ 16
Endurskráning fornleifa á svæði sem var fornleifaskráð 1996, vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi........................................................................................ 17
Niðurstöður........................................................................................ 17
Samantekt........................................................................................ 17
Heimildir........................................................................................ 18
Fylgiskjöl. ........................................................................................ 18
Fornleifaskrá ........................................................................................ 19 - 98
Fylgiskjöl

# Inngangur

Að beiðni Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu á eftirtöldum svæðum í landi Hvaleyrar:

1. Golfvelli Keilis á Hvaleyri, vegna fyrirhugaðra framkvæmda á golfvellinum á vegum Golfklúbbsins Keilis.
2. Vegna lagningu fráveitulagnar sem á að liggja með Hvaleyrarhöfða, vegna framkvæmda á vegum Fráveitu Hafnarfjarðar.
3. Ný byggingarsvæði og nánasta umhverfi þeirra í landi Hvaleyar vegna deiliskipulgsvinnu.
4. Endurskráning fornleifa á svæði sem var fornleifaskráð 1996, vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi, en Grísanes er í landi Hvaleyrar.

Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í "Fornleif" sem er gangagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar fór fram í júní til ágúst 2004, og var hún gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi fil.mag.

Vettvangsskráning fór fram dagana 7, 27. september 4 október og desember 2004. Teknar voru myndir og teiknaðir uppdrættir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnitum. Skráðar voru samtals 80 fornleifar á svæðinu.

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfirði veitti leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið, ásamt Ágústi Húbertssyni framkvæmdastjóra Golfklúbbsins Keilis, er þeim þökkuð veitt aðstoð.

Skýrslan greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsökum þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa gát á vegna verklegra framkvæmda eða annarra framkvæmda sem eiga sér stað á eða við fornminjar.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á Golfelli Keilis á Hvaleyri áður. Svæðið sem var skráð var er neðan við Hvaleyrarbraut að norðvestan, fylgir síðan golfvellinum í suður í átt að álverinu, og að strandlengjunni í kringum Hvaleyrina, og Hvaleyrartjörn.

Fornleifaskráning var gerð á árunum 1987-1990 af Sigurði Bergsteinssyni og Guðmundi Ólafssyni á vegum. Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands, á minjum í landi Hvaleyrar, það var ekki heildarskráning fornleifa í landi Hvaleyrar.

Árið 1996 var gerð fornleifaskráning í landi Ás og Hvaleyrar á vegum "Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands", vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Höfundar, Birna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir.
Þar var Ásland og Grísanes skráð sem eitt svæði án þess að mörk væru þar á milli. Vegna þess hve margt er óljóst í skráningunni, bæði hvað varðar teikningar og staðsetningu minja, var svæðið skráð aftur. Þær fornminjar sem áður voru skráðar og skráður voru aftur er getið í heimildum með viðkomandi skráninu í þessari skýrslu.

Árið 1998 var gerði "Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði" á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var af Hildi Gestsdóttir og Sædísi Gunarsdóttir.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

**Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).**

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið

fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

**Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).**

## Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur* er fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. GPS hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins, og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

*Fornleifur* veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

### Aðalnúmer og undirnúmer

Fornleifum er í gagnagrunninum gefið ***Aðalnúmer*** og ***Undirnúmer***. Aðalnúmer ræðst nær undantekningalaust af heiti jarðar. Jörðin Hvaleyri hefur sem dæmi aðalnúmerið 9 en undirnúmer telja fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

### Landareign og númer landareignar

Gildið ***Landareign*** á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið ***landsnúmer*** sem fært er inn í gagnagrunninn.

Golfvöllurinn Hvaleyri hefur eigið fasteignanúmer samkvæmt Fasteignamati ríkisins. Ný byggingasvæði í landi Hvaleyrar hafa ekki fengið eign fasteignamatsnúmer, þannig að skráðar fornminjar á skráningarsvæðinu er allar undir fasteignamatsnúmeri Hvaleyrar.

### Jarðatal J. Johnsen

***Í Jarðatali Johnsen***[1] frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Sé jarðar þar getið er númerið fært í gagnagrunninn.

[1] J.Johnsen 1847.Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

## Aldur
Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum: ***-1550, 1550-1900 og 1900-.*** Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé ***ártal*** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

## Heiti
Hafi fornleif ákveðið ***heiti*** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

## GPS staðsetning
Samkvæmt vinnureglu er ***GPS hnit*** tekið sem næst miðju fornleifar og hnitið fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

## Ástand
Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: ***Ágætt*** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, ***Sæmilegt*** ef fornleif er nokkuð heilleg, ***Lélegt*** ef fornleif er mikið röskuð og ***Horfin*** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

## Hættumat
Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: ***Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.***

## Hætta
Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: ***Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.*** Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

## Tegund minja
Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

## Friðlýsing
Í gagnagrunninum eru þrjú gildi er snúa að friðslýingu fornleifa.Við skráningu er tekið fram hvort fornleif sé ***friðlýst eða ekki***, ef svo er þá ***hvenær*** það hafi verið gert, er upplýsinga leitað í friðlýsingaskrá. Með tilliti til minjagildis og sérstöðu fornleifar er afstaða tekin til þess hvort gera skuli ***tillögu að friðun fornleifa***.

## Merking
Tillaga er lögð fram um það ***hvort merkja eigi*** fornleif inn á kort t.d. á staðfræðikort eða hvort merkja eigi viðkomandi fornleif í landinu.

## Minjagildi

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: ***Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert***.

## Lega og staðhættir

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til ***legu og staðhátta,*** með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

## Lýsing

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, einkennandi þáttum og almennu ástandi.

## Athugasemdir

Inn í ***athugasemdir*** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna. Í athugsemdum er einnig skýringartexti með þeim myndum og teikningum sem fylgja skráðri fornleif.

## Heimildir

Vísað er til ***heimilda*** um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

## Ljósmyndir

Sérstakur reitur er fyrir hendi til innskönnunar ljósmynda eða innsetningu stafrænna mynda, í athugsemdum er að finna skýringartexta við myndir.

## Teikningar

Ef fornleif hefur verið teiknuð upp á vettvangi er sérstakur reitur fyrir hendi til innskönnunar teikningar. Á vettvangi er fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti. Við gerð teikningar er jafnan stuðst við niðurstöðu áttavita. Í athugsemdum er að finna skýringartexta teikninga. Sé fornleif hins vegar mæld upp, þá er þess sérstaklega getið í athugasemdum.

## Hvaleyri
### Sögulegt yfirlit

Þar sem hér er aðeins skráður hluti þess svæðis sem heyrir undir hina fornu Hvaleyarjörð er hér stiklað á stóru í sögu Hvaleyrar.

Heimildir um nafnið Hvaleyri er að finna allt frá Hauksbók Landnámu frá því að Hrafna-Flóki fann hval á eyri einni og kallaði það Hvaleyri. Í Landnámu er síðan sagt frá að bróðursonur Ingólfs hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns, ásamt öllu Álftanesi. [2]

Í Jarteinabók er Teitur bóndi sagður búa á Hvaleyri 1300-1325.[3]

Árið 1395 er Hvaleyri eign á Viðeyarklaustur og var leiga til klaustursins 4 hndr. [4]

Þá segir í heimildum frá 1448 að á Hvaleyri hafi verið kirkja. [5]
Í Jarðabók frá 1703 segir að á Hvaleyri sé hálfkirkja og embættað þrisvar á ári.[6]

Í Sögu Hafnarfjarðar frá 1933, segir m.a. að á Hvaleyri hafi verið kirkja í kaþólskum sið, en eigi er kunnugt hvenær hún hafi verið reist fyrst. Þessi kirkja hefur verið graftrarkirkja, því enn sést fyrir kirkjugarði í túni heimajarðarinnar á Hvaleyri.[7]

Jarðabók frá 1703 segir m.a. að jörðin sé í konungseign.
Þá er þess getið að Hvaleyrarkot sé aftur byggt eftir að hafa verið í eyði svo lengi sem menn muna. Í Jarðabókinni er að finna greinagóða lýsingu á Hvaleyri þar segir frá búsetu, búháttum, landgæðum og hjáleigum. Þar segir m.a.:

> Hvaleyri er kirkjustaður með annexíu til Garða á Álftanesi þar er ei nema hálfkirkja og embættað þrisvar á ári.
> Jarðadýrleiki er óviss því jörðin tíundast engum.
> Jörðin er í konungseign.
> Ábúandinn Ormur Jónsson.
> Landskuld er eitt hundruð. Greiðist með sex vættum fiska í kaupstað síðan forpachtningin hófst en áður heim til Bessastaða. Áður til forna hefur landskuldin verið greidd í fríðu með einum hundraðasta.
> Við til húsabótar hafa ábúendur lagt uppbótarlaust yfir sextíu ár.
> Leigukúgildi eru þrjú. Leigur greiðist í smjöri heim til Bessastaða. Kúgildin uppyngir ábúandinn uppbótarlaust yfir sextíuár. Kvaðir eru um mannslán um vertíð, að auki tveir hríshestar heim til Bessastaða með skyldu, en margoft þar fyrir utan einn hríshestur, tveir eða þrír eftir þörfum, en í tíð Heidmanns voru þeir sjö um árið að meðtöldum skylduhestum. Hér að auki tveir dagslættir árlega heim til Bessastaða og fæðir bóndinn verkamennina sjálfur að auki skipsferðir hvenær sem umboðsmaðurinn á Bessastöðum þarf á að halda vetur eða sumar og er hægt að áætla hve margar þær geta verið. Fæðir bóndinn þann mann ávallt sjálfur, hvort sem ferðin er löng eða stutt.

---

[2] ÍF I, Bls. 39, 394.
[3] Biskupasögur. 1. Bls. 386.
[4] DI III. Bls. 597.
[5] DI IV. Bls.751.
[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók III. Bls. 168-170. Kaupmannahöfn 1923-1924.
[7] Sigurður Skúlason 1933. Saga Hafnarfjarðar. Bls. 23. Reykjavík..

Kvikfénaður eru þrjár kýr, einn kálfur, fjórar ær, þrír sauðir veturgamlir, fjögur lömb, einn hestur, eitt hross með fyli.
Fóðrast geta fjórar kýr.
Heimilismenn sex.
Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hvaleyrarsel, þar eru hagar sæmilegir og vatnsból gott.
Hrísrif nokkurt hefur jörðin í heimalandi og er það að mestu eytt, að öðru leyti hefur hún hrísrif til eldiviðar í almenningnum og svo til kolagerðar.
Torfrista og stunga í lakasta mála nærri ónýt.
Lyngrif hefur jörðin nokkurt,
Fjörugrastekja nokkur.
Rekavon nokkur.
Hrognkelsafjara að nokkru gagnvænleg.
Skelfiskfjara nægileg til beitu líður ágang af öðrum jörðum.
Heimræði er árið um kring og lending góð og ganga skip ábúenda eftir hentugleikum. Til forna hefur hér oft undir kongsskipa nafni gengið eitt tveggja manna far, en síðan Lauridts Hansson Siefing var á Bessastöðum. Heidemanns vegna hefur það ekki verið. Inntökuskip hafa hér stundum gengið ekki stærri en tveggja manna för, og hefur ábúandi þegið undirgift af, mætti og enn vera ef menn vildu.
Túnin spillast af sandágangi.
Engjar eru engar.
Vatnsból er ekki gott, og þrýtur bæði vetur og sumar.
Hjá kvöðunum var gleymt að skrifa að á umliðnu hausti sendi umboðsmaðurinn Páll Beyer að Hvaleyri lamb í fóður, tók ábúandinn við því án launa, sama gjörði veturinn á undan umboðsmaðurinn sem þá var Jens Jurgensson og hefur ábúandinn heldur ekki fengið fyrir það laun. Hafa þessar kvaðir aldrei áður verið, að auki var 1701 og nú í sumar heyhestur heimtur fyrir fálkaféð. Þetta hefur ekki fyrr eða síðar gert verið.
**Hvaleyrarkot**, er gömul hjáleiga byggð eftir að hafa verið í eyði svo langt sem menn muna sem nú eru lifandi, og nú aftur komin í eyði fyrir þremur árum. Landskuld var með þar var búið 60 álnir og greiddist í fiski til heimabóndans, að auki eitt kúgildi og greiddust leigur í smjöri heim til bóndans. Gæti byggst aftur ef einhver þyrði að vera upp á sjávaraflann kominn, nú hefur heimabóndinn grasnytina sem þar með fylgdi. [6]

Í Jarðatali Johnsens frá 1847, segir m.a. að Hvaleyri sé í Álftaneshreppi og jarðarnúmer 168. Hvaleyri sé í bændaeign, dýrleiki sé 20 hundruð, landskuld sé 0,100, kúgildi séu 2, og eigandi sé einn. Í skýringum segir um Hvaleyri, að í

Jarðabók frá 1803 séu nefndar fjórar byggðar hjáleigur, Bindindi, Lönd, Lásastaði og Ásgautstaðir.[1]

Á árunum 1754-1757 bjó enginn á Hvaleyri og má það vera eins ástæða þess að bæjarhús og tún spilltust. Árið 1815 kaupir Bjarni Sívertssen jörðina af konungi, og síðan kaupir Jón Illugason snikkari jörðina árið 1834 af dánarbúi Bjarna riddara Sívertssens. Jón Illugason seldi síðan jörðina Jóni Hjartarsyni í Miðengi í Árnessýslu. Eftir lát Jóns tók ekkja hans Þórunn Sveinsdóttir við Hvaleyri, hún gaf síðan Sigríði frændkonu manns síns mestan hluta jarðarinnar 1868. Sigríður giftist síðan Bjarna Steingrímssyni hreppstjóra á Hliði. Jörðin var síðan seld síra Þórarni

---

[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók III. Bls. 168-170. Kaupmannahöfn 1923-1924.
[1] J. Johnson. Jarðatal á Íslandi. Bls. 91. Kaupamannahöfn .

Böðvarssyni í Görðum, árið 1870. Síra Þórainn og kona hans gáfu síðan heimajörðina Hvaleyri til stofnunar alþýðu- og gagnfræðaskóla Flensborg í Hafnarfirði, árið 1881.[7]

## Náttúrufar og jarðabætur

Elstu heimildir um náttúrufar á Hvaleyri eru frá árinu 1365, en þá er sagt af sandfjúki og sjávargangi á tún á Hvaleyri.[8]
Frá árinu 1703, er sagt frá að tún hafi spillst af sandgangi, og engjar séu engar.[6]

Á árunum 1754 – 1757 býr enginn á Hvaleyri, og má það vera ástæða þess að bæjarhús og tún spillast.[7]
Árið 1730 voru Hvaleyrartún stórskemmd af grasmaðki og einnig herjuðu sandfor og fugl á það. Mikill lausamosi var í túninu. Túnið hélt áfram að skemmast og árið 1751 varð að slá tveimur vættum og einu kúgjaldi af afgjaldi jarðarinnar hvort sem það hefir eingöngu verið landskemmdum að kenna.[7]
Á syðsta hluta Hvaleyrarholts mun hafa verið skógarítak Gufuneskirkju.[8]

---

[7] Sigurður Skúlason 1933. Saga Hafnarfjarðar. Bls. 36-37 og 42-45. Reykjavík.
[8] Gísli Sigursson. Hvaleyri Hafnarfjörður, Gullbringussýsla, Örnefnastofnun Íslands.
[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók III. Bls. 169. Kaupmannahöfn 1923-1924.
[7] Sigurður Skúlason 1933. Saga Hafnarfjarðar. Bls. 35-37 og 42. Reykjavík

## Niðurstöður: Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á golfvellinum á vegum Golfklúbbsins Keilis og fráveitulagnar sem á að liggja með Hvaleyrarhöfða.

Á því landi sem Golfklúbburinn Keilir hefur til umráða á Hvaleyri hefur mikið verið sléttað vegna lagninga golfbrauta og annara framkvæmda sem tengdar eru starfsemi golfklúbbsins Keilis, og að auki hafa túngarðar sem ekki hafa verið sléttað úr verið rofnir á nokkrum stöðum til að auðvelda umferð golfleikara um völlinn. Vegna þess hve mikið hefur verið sléttað á svæðinu hefur oft reynst erfitt að staðsetja þau mannvirki sem til eru heimildir um, en með hjálp korta og leiðsögn staðkunnugra, hefur verið leitast við að komast sem næst réttri staðsetninug.

1

**Hvaleyrarbærinn (1):** Vitað er með vissu hvar síðasti Hvaleyrarbærinn hefur verið, en hann var jafnaður við jörðu um 1970. Líkur eru á að bærinn hafi verið nokkuð á sama svæði í gegnum aldir. Bæjarstæðið og nánasta svæðið þar um kring er því allt mjög viðkvæmt fyrir hverskonar jarðraski, og ætti að vera undir eftirliti fornleifafræðings ef þar yrðu framkvæmdir af einhverju tagi.

**Kirkja/kirkjugarður (15):** Ekki er hægt að staðsetja hvar kirkjan með kirkjugarði hefur staðið, og ekki hægt að sjá það í landinu í dag hvar það hefur verið. Í heimildum segir að kirkjan hafi staðið norður af Hvaleyrarbænum, án þess að það sé staðfært nánar. Í Sögu Hafnarfjarðar frá 1933 er sagt að en megi sjá fyrir kirkjugarðinum, án þess að staðsetning sé tilgreind. Verður því að taka vara á öllu jarðraski sem gæti átt sér stað á nokkuð stóru svæði norður af bæjarstæðinu, ætti það að vera undir eftirliti fornleifafræðings ef svo yrði.
Það væri mjög áhugavert að fara yfir svæðið norður af Hvaleyrarbænum með jarðsjá og kanna hvort þar væru hleðslur undir yfirborði og staðsetja kirkjuna og kirkjugarðinn útfrá upplýsingum sem hægt væri að afla með slíkri rannsókn.

2

**Kotagata og hjáleigur**

Gamla Kotagatan (20) er nokkuð sýnileg ennþá þar sem hún liggur eftir Hvaleyrinni til norðvesturs. Við vestasta hluta hennar að sunnan er upphlaðinn garður um 100 m langur. Við Kotagötuna og út frá henni voru hjáleigurnar með túngörðum, ásamt öðrum mannvirkjum sem vitað er um.

**Vesturkot (22)**

Það var vestast við Kotagötuna, og heimildir um það frá Jarðabók 1847, en hét þá Lásastaðir. Bæjarstæðið hefur verið sléttað.

**Þórðarkot (28)**

Það stóð norðan og austan við Vesturkot út við sjóinn. Heimildir um kot þarna frá 1805. Á bæjarstæði Þórðarkots er nú sléttað, og þar liggja golfbrautir nr. 14 og 15.

**Halldórskot (33)**

Stóð við Kotagötuna austan og sunnan við Þórðarkot. Heimildir eru um búsetu þar frá 1778. Halldórskot hefur staðið þar sem nú er austurendi á golfbraut nr. 14. Þarna hefur verið sléttað, en sést þó fyrir L-laga garði, túngarði sem hefur verið utan um bæjarstæði Halldórskots.

**Sveinskot (36)**
Var á mótum Brunngötu og Kotagötu að norðan. Bæjarstæðið hefur verið sléttað að mestu, en á því er all stór hrúga sem eru leifar síðasta bæjarhússins sem var rutt 1985. Heimildir um Sveinskot frá Jarðabók 1803, en þá hét það Ásgautstaðir.

**Tjarnarkot (43)**
Stóð norðaustan við Sveinskot. Heimildir um búsetu þar 1789-1911. Tjarnarkot hefur staðið þar sem nú norðaustur endi á æfingagolfbraut nr. 7. Þar hefur verið sléttað.

**Hjörtskot (46,47)**
Daðakot hefur haft fleiri nöfn í gegnum tíðina, og hefur verið kennt við þá sem þar bjuggu á hverjum tíma. Talið er að hjáleigan hafi staðið á sama stað og *Poltzhús* sem þar stóð á árunum1775-1787. Þarna hefur nú verið sléttað. Hefur staðið á milli suðaustur enda æfingabrauta á golfvelli nr. 2 og 8.

**Hvaleyrarsmiðja (48)**
Smiðjuna átti Þorsteinn Jónsson bátasmiður sem bjó á Hvaleyri 1770-1805. Þarna má sjá móta fyrir smá steinhrúgum að hluta til grasivöxnum sem mynda ferning með 10 m langri hlið. Það vantar þó eitt hornið en það hefur líklega farið undir norðurenda á teig á æfingagolfbraut nr. 8. Óljósar veggjahleðslur má einnig sjá á staðnum þær liggja innan smiðjuferningsins að hluta, má ætla að veggirnir hafi verið hlaðnir eftir að smiðjan brann.

**Fiskihjallur á Hjallanesi (59)**
Fjörugrjót sem liggur í hrúgu, eins og það hafi hrunið úr einhverskonar hleðslum. Fast við steinahrúguna í vestur eru steinar sem gætu hafa verið hornsteinar, og um 2 m frá þeim aðrir steinar í hrúgu. Þessir steinar gætu verið útveggir byggingar sem þarna hefur verið.

**Hvaleyrarbrunnur (5,38)**
Frá Hvaleyrarbænum að bunninum lá Brunngatan. Þangað sóttu flestir bændur vatn. Í kringum brunninn er nú sporöskjulagaður upphlaðin graskantur, ofan á brunnopið hefur verið lögð járnplata.

**Hvaleyrarhúsið/Fiske jagterens huus. (19)**
Húsið var byggt þarna 1916 og stóð sunnan við bæjarstæði Hvaleyrarbæjarins það hús er nú horfið, á sama stað stóð *Fiske jagterens huus* á árunum 1775-1887.

**3**
**Túngarðar:**
Mikið af túngörðum hefur verið í kringum Hvaleyrartúnin og hjáleigurnar sem voru á Hvaleyrinni. Nokkra þeirra er enn hægt að sjá en aðrir hafa verið jafnaðir við jörðu. og því ekki hægt að segja til um hvar þeir hafa verið.

**Garður/Þórðarkot/Halldórskot (29,35)**
Túngarður sem liggur norður –suður á milli býlana Þórðarkots og Halldórskots hefur verið rofinn á nokkrum stöðum vegna umferðar golffólks.

**Garður/Halldórskot (35)**
Garður sem er L-laga er austan við bæjarstæði Halldórskots, í hann er rof á suðurhlið.

**Garður/Sveinskot (39)**
Við bæjarstæði Sveinskots er garður, en hluti af honum hefur verið í kringum matjurtagarð sem hefur verið við bæinn.

**Garður/Kotagata (64)**
Um 100 m langur garður sem er fast sunnan við Kotagötuna þar sem hún liggur að bæjarstæði Vesturskots.

**Austurtúngarður/Hvaleyrartjörn (8)**
Um 60 m langur garður sem liggur við suðvestur botn Hvaleyartjarnar.

**Garður/Pétursvallargerði/Suðurvöllur (13)**
Um 100 m langur garður sem liggur á milli við austurenda á æfingagolfbraut nr. 2 og golfbrautar 18.

**Garður/Vesturtúngarður (25)**
Garður um 160 m langur og meðfram sjávarkambinum að vestan við 10. og 11. braut á golfvellinum.

**Garður/Suðurtúngarður (7)**
Garður þessi liggur norðvestan við gömlu Alfaraleiðina sem liggur frá golfskála Keilis að Hvaleyrartjörn og þaðan í austur að Óseyri. Garðurinn er um 260 m langur og er suðurtúngarður Hvaleyrarbæjarins. Nokkur rof eru í garðinn, þar á meðal er rof þar sem hefur verið suðurtraðarhlið, og annað þar sem er austurtraðarhlið sem er nær Hvaleyrartjörn. Hluti af tóft, fjárhúsi er við Suðurtraðarhlið að austan, önnur tóft, nokkuð heillegt fjárhús, er um 60 m frá fyrri tóftinni, og síðan heldur garðurinn áfram í austur.

**Garður/Fornigarður (54)**
Frá Hvaleyrarrétt er Fornigarður um 25 m langur í smá beygjum í vestur.

**Kotagatan (20)** er gamla samgönguleiðin um Hvaleyrina og nokkuð vel afmörkuð í landinu. Það skal því gæta fyllstu varúðar ef einhverjar framkvæmdir eru áætlaðar í eða við götuna, og ætti hún að fá að halda sér eins og hún er.

**4**
**Hvaleyrarbrunnur (5,38)**
Við Hvaleyarbrunninn ætti að gæta varúðar við framkvæmdir, en hann er það sem búsetan á Hvaleyrinni átti sameiginlegt, því í hann sóttu ábúendur vatn sitt. Má segja að hann sé verðugur minnisvarði um byggðina á staðnum.

**5**
**Hvaleyrarrétt (53)**
Neðan götu fyrir neðan leikskólann Vesturkot er Hvaleyrarréttin, en á hernámsárunum var tekið mikið hleðslugrjót úr henni, og það notað í skotbyrgi. Í vestur frá réttinni er hleðslugarður, Fornigarður.

**6**
**Minjar á suðvesturhluta golfvallar (67,79)**
Á suðvesturhluta golfvallar í átt að Straumsvík,er varða sem tilheyrt hefur alfaraleiðinni sem lá frá Hvaleyrarholti og suður eftir hrauninu. Veggjahleðsla sem hlaðin hefur verið í kringum smá hraunrana.

7
**Friðlýstar minjar (26,27)**, þinglýstar frá 15.11.1938.
Vestast á Hvaleyrarhöfða eru friðlýstar minjar:
Minorsteinn og Flókasteinn sem eru stærstir, og minni steinar þar um kring..

8
**Stríðsminjar (71-77)**
Mannvirki frá hernámstímunum, skotbyrgi, skotgrafir, ásamt óþekktum hleðslum sem tilheyrt hefur þessu tímabili. Eru víðsvegar á skráningar væði Hvaleyrar. Þótt þetta teljist ekki 100 ára fornminjar í dag, styttist óðum í að svo verði. Ætti því að taka vara á að þessar minjar raskist ekki á neinn hátt. Þær vitna um sérstakt tímabil í sögu okkar.

## Samantekt fornleifaskráningar á golfvelli Keilis á Hvaleyri.

**1**
**Vitað er með vissu hvar Hvaleyrarbærinn hefur staðið, en þar og á nokkru stóru svæði þar um kring ætti að gæta fyllstu varúðar við allt jarðrask,**

**Ekki er hægt að staðsetja hvar kirkjan með kirkjugarði hefur staðið, en samkvæmt heimildum hefur það verið norður af bæjarstæðinu, án þess að það sé tilgreint nánar.**

**Allt jarðrask á nokkuð stóru svæði á og við Hvaleyrarbæinn ætti að vera undir eftirliti fornleifafræðings, ef framkvæmdir af einhverju tagi væru nauðsynlegar.**
**Þetta svæði sýnt á sérstaklega á korti, sjá fylgiskjal nr 2.**

2
**Þeir hleðslugarðar sem enn eru sýnilegir, ætti ekki að hrófla við að neinu leiti, sérstaklega að þeir séu ekki rofnir vegna umferðar um golfvöllinn. Þessir garðar bera vitni um þá búsetu sem einu sinni var á Hvaleyrinni, og geta enn gefið einhverja hugmynd um afmörkun á svæðum og tengjast búsetunni. Garðarnir eru það sem er best varðveitt í dag af hinni fornu byggð á Hvaleyrinni.**

**3**
**Kotagatan, bæjarstæði hjáleigana ásamt túngörðum og einstaka örðum mannvirkjum sem voru við Kotagötuna og/eða út frá henni hafa verið sléttuð að mestu, en ef einhverjar framkvæmdir verða á gömlu bæjarstæðunum ætti að gæta fyllstu varúðar þarna gætu verið hleðslur í jörðu sem þyrfti að gæta að.**

**4**
**Við Hvaleyarbrunninn ætti að gæta varúðar við framkvæmdir, en hann er það sem búsetan á Hvaleyrinni átti sameiginlegt, því í hann sóttu ábúendur vatn sitt. Má líta á hann sem verðugan minnisvarða um byggðina á staðnum.**

**5**
**Það sem eftir er af Hvaleyrarréttinni ásamt hleðslugarði ætti að fá að standa óhreyft í landinu, þrátt fyrir að hleðslugrjót hafi verið fjarlægt úr réttinni og hún ekki í góðu ástandi eftir þá aðgerð.**

**6**
**Minjar á vesturhluta golfvallar í átt að Straumsvík, er varða sem hefur tilheyrt leiðinni frá Hvaleyrarholti og suður með sjó. Fjárbyrgi í hellisskúta með hleðslu fyrir opinu. Þessar minjar ættu að fá að vera óhreyfðar, þær vitna um búskap og samgöngur fyrri tíma.**

**7**
**Friðlýstar minjar, þinglýstar frá 15.11.1938.**
**Vestast á Hvaleyrarhöfða eru friðlýstar minjar Minorsteinn og Flókasteinn og minni steinar þar um kring. Þessar minjar heyra undir þjóðminjalög um friðlýstar minjar.**

**8**
**Mannvirki frá hernámstímunum eins og skotbyrgi, skotgrafir, ásamt óþekktum hleðslum tilheyra sérstöku tímabili í sögu okkar, ber því að gæta þess að þessar minjar raskist ekki.**

## Niðurstöður: Framtíðar byggingasvæði, fyrir deiliskipulag í landi Hvaleyrar, eru merkt á korti með bókstöfunum D, E, F og G, og niðurstöðum fornleifaskráningar á hverju svæði.

**Svæði D**
Svæði D er að hluta til í landi Áss, og hluta til í landi Hvaleyrar. Það er syðri hluti svæðisins sem er í landi Hvaleyrar. Á fyrirhugðu deiliskipulagssvæði að norðanverðu er að finna upphlaðið **skotbyrgi (65)** frá hernámi Íslands, og telst það til stríðsminja sem eru þó ekki fornminjar í dag, en verða það innan nokkura ár. Þetta eru minjar um sérstakt tímabil í sögu okkar og ætti að varðveitast fyrir komandi kynslóðir. Það ætti því að taka tillit til þess við skipulagningu svæðisins að byrgið fái að standa eins og það er, jafnvel sem hluti af opnu svæði eða staðsett við göngustíg, án þess þó að skerða byrgið á nokkurn hátt.

**Svæði E**
Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins.

**Svæði F**
Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins.

**Svæði G**
Á þessu svæði eru fjárhús en þau eru seinni tíma búskapur, og ekki heimildir um að þar hafi áður verið aðrar byggingar.
Út við gamla Krísuvíkurveginn má þó finna **fjárskjól (56)**sem hefur verið í hraunhelli, og mjög líklega hefur verið hlaðinn veggur fyrir opið, því þar er að finna óljósa grjóthleðslu sem liggur nú í sömu hæð og landið í kring. Hraunhellirinn vitnar um búsetuhætti liðins tíma og ætti því ekki að að fylla upp í hann.

**Svæði H**
Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins.

**Svæði I**
Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins.

**Svæði J**
Svæði J er að hluta til í landi Áss og hluta til í landi Hvaleyrar. Það er syðri hluti svæðisins sem er í landi Hvaleyrar. Í landi Hvaleyar er að finna fjárskjól sem hefur verið í nokkuð stórum **hraunhelli (80)**. Hann er vel manngengur að hluta. Hleðslur hafa verið fyrir opi hellisins að hluta, en þær hafa alveg hrunið og liggja hleðslusteinarnir inni í hellinum. Í hellinn hefur fokið mikið af rusli. Hann gæti verið hættulegur í umhverfinu ef hann lendir inni í miðri íbúðarbyggð. Það gæti því reynst best að fylla í hann, þótt hann vitni um búsetuhætti liðins tíma. Það er Fornleifavernd ríkisins sem segir til um hvernig standa skuli að frágangi hellisins, ef um verður að ræða röskun á honum vegna fyrirhugaðs deiliskipulags.

# Endurskráning fornleifa á svæði sem var fornleifaskráð 1996, vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi, en Grísanes er í landi Hvaleyrar.

Í fornleifaskráningunni sem gerð var 1996, var margt óljóst, m.a. ekki gerður greinamunur á því hvort viðkomandi fornleif var í landi Áss eða Hvaleyrar. Þá vantaði teikningar af viðkomandi fornleifum, en í sumum tilfellum var vísað í skráningabækur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands frá 1989, þar sem viðkomandi fornleif hafði verið teiknuð. Svæðið var því skoðað aftur og gerðar teikningar og teknar myndir af þeim fornleifum sem áður höfðu verið skráðar. Á skráningarsvæðinu voru eftirtaldar fornleifar sem þarf að taka tillit til.

## Niðurstöður

1
Fjárhústóft **(49)** Grísanesi, tóftin er grjóthlaðin. Engar hleðslur eru á framhlið tóftarinnar, en steinahleðsla í sömu hæð og landið sýnir veggjarstæðið,sem hefur verið úr timbri. Í tóftinni hafa verið tveir garðar.

2
Hlaðin rétt, fjárbyrgi **(50)** sem er í norðaustur frá fjárhústóftinni, þar eru hleðslur sem eru hafa verið hlaðnar út frá L-laga hraunmyndun,

3
Í suðvestur frá Ástjörn um 50 m frá hraunjaðrinum sem liggur í kringum Ástjörn eru litlar tvær tóftir **(51,52)** sem eru fast við göngustíginn. Þegar göngustígurinn hefur verið lagður, hefur hann verið lagður yfir hluta af syðri tóftinni, en á teikningum frá 1989 er hún teiknuð óröskuð. Hin tóftin er eins og á tekningunum frá 1989.

4
Stríðsminjar.**(66)** Vestast á Grísanesi er skotbyrgi það var skráð og teiknað vegna skráningar á vegum Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1989. Það hefur hrunið nokkuð úr því frá því sem það var þegar það var skráð 1989, og eins og það er í dag.

## Samantekt

1 og 2
**Grjóthlaðin tóft fjárhússins ætti að fá að standa eins og hún er, innan um nýju íbúðarbyggðina sem þarna hefur risið það sama gildir um réttina sem er þarna í norðaustur frá. Varast ætti að gróðursetja tré í eða við þessar minjar.**

3
**Við hverskonar jarðrask í eða við göngustíginn, vegna malbikaður eða breikkunnar, þarf að aðgæta að ekki verði farið of nærri tóftum 51 og 52.**

4
**Þó byrgið teljist ekki til fornminja í dag, er það eitt af mörgum stríðsminjum sem enn eru sýnilegar í landi Hvaleyrar og gefa heildarmynd af stríðsminjum á þessu svæði. Byrgið er en nokkuð heillegt, og ætti því að fá að standa óhreyft, og athuga að ekki séu gróðursett tré í eða við byrgið.**

# Heimildir


## Skriflegar heimildir:
Árni Magnússon og Páll Vídalín *Jarðabók* III. Bls.168-170. Kaupmannahöfn 1923-1924.
Biskupa sögur. Útg. Hið íslenzka bókmenntafélag 1. Bls. 386. Kaupammanhöfn 1958
DI. Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI. III. Bls. 597, DI IV, Bls. 751. Kaupannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
Gísli Sigursson. *Hvaleyri Hafnarfjörður, Gullbringussýsla*, Örnefnastofnun Íslands.
ÍF I, Bls. 39, 394.
J. Johnson. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Bls. 91. Kaupamannahöfn.
Sigurður Skúlason 1933. *Saga Hafnarfjarðar*. Bls. 23, 36-37 og 42-45. Reykjavík.

Birna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1996.*Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri –býlin, túnin og kennileit.* Óútgefið handrit.
Sigurður Bergsteinsson og Guðmundur Ólafsson. *Þjóminjaskráning í Hafnarfirði 1987-1990.* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands 1996.Óútgefið.
Sveinbjörn Rafnsson 1975. *Bergristur á Hvaleyri* Bls. 75-93. Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 1974. Reykjavík.


## Heimildarmenn.
Ágúst Húbertsson, Hringbraut 2. Hafnarfirði.
Jónatan Garðarsson. Lóuási 2. Hafnarfirði.

## Fylgiskjöl.

**1.** Hvaleyri, teiknaður uppdráttur. Þar sem merkt eru inná heiti túna, Hvaleyrarbærinn, hugsanleg stasetning kirkjunnar, hjáleigur, götur, örnefni og önnur kennileit á svæðinu. Höfundur Jónatan Garðarsson. 2004.

**2.** Kort þar sem Hvaleyrarbærinn er afmarkaður, ásamt svæði þar sem líklegt er að krikjan og kirkjugarðurinn hefur verið. Mælik. 1:2000.

**3 og 4** Kortagrunnur af golfvelli Hvaleyri, þar sem fornleifar eru merktar inn með samsvarandi númeri og er í gagnagrunni Byggðasafns Hafnarfjarðar *Fornleifi.* Fylgiskjal 3, mælikv. 1:4000. Fylgiskjal 4, mælikv. 1:3000.

**5** Kort af framtíðar byggingasvæðum, merktar með bókstöfunum D, E, F, G, H, I og J.
og númeri samsvarandi númeri sem er í gagnagrunni Byggðasafns Hafnarfjarðar, *Fornleifi.*
Mælikv.1: 5000.

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1300-1950 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyri | N 064°03.635' W 021°59.500' | Horfið | Ábúð | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarstæði/Hvaleyri | Nei | | Nei | Já | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir að Hvaleyrarbærinn hafi staðið í miðju Hvaleyrartúni á hrygg sem gengur norður frá Hvaleyrarholtinu í stefnu á Helgasker.
Bæjarstæði Hvaleyrarbæjarins er nú á milli æfingabrautar 2 og golfbrautar 18 á golfvelli Keilis.

**Lýsing:**

Bæjarstæði Hvaleyrarbæjana hefur verið sléttað.

**Athugasemdir:**

Í Hauksbók Landnámu er sagt frá því að það hafi verið Hrafna- Flóki og félagar hafi komið í Hafnarfjörð um 860, fundu þeir þá hval rekinn á eyrinni, og gáfu staðnum nafnið Hvaleyri.
Teitur bóndi á Hvaleyri er nefndur í Jarteinabók heilags Þorláks, en hann bjó þar um1300-1325. Eftir það eignaðist Viðeyjarklaustur jörðina og varð hún konungseign við siðaskiptin 1550. Bjarni riddari Sívertsen keypti jörðina af konungi 1816. Árið 1834 kaupir Jón Illugason jörðina af dánarbú Bjarna., en selur jörðina ásamt 6 hjáleigum aftur árið 1842 Jóni Hjartarsyni. Eftir lát Jóns 1866 , tók ekkja hans Þórunn Sigurðardóttir við jörðinni. Eftir hennar dag arfleiddi hún Sigríði Jónsdóttir frænku eiginmanns síns að jörðinni. Áður hafði Þórunn gefið leiguleiðum sínum kotin sem þeir bjuggu á. Þórarinn Böðvarsson prestur að Görðum og kona hans Þórunn Jónsdóttir keyptu Hvaleyri 1870 . Árið 1877 stofnuðu þau Alþýðuskóla í Hafnarfirði, til minningar um son sinn, og gáfu þá fasteignina Flensborg og heimajörðina Hvaleyri í Álftaneshreppi , til að fjármagna reksturs skólans. Þá var Hvaleyri metin á 18.3 hundruð að dýrleika með öllum húsum sem á henni voru og öllum jarðnytjum og samsvaraði fjórum kýrvöllum. Þórarinn Böðvarsson gerði jarðakaup við Þorstein Egilsson kaupmann 1889 og lét honum eftir Þórðarkot (Beinteinskot), Sveinskot og Þorvaldskot (Hjörtskot). Þorsteinn keypti smánsaman hin kotin af ábúendum og eignaðist Vesturkot 1905.
Síðustu húsin á heimajörðinni lét August Flygering byggja 1916,en það stóð á sama stað og hús *Fiske Jaktens Huus stóð* 1775-1887.( N: 64°03.645 V: 21°59.453), en Ingólfur sonur hans tók jörðina á leigu til 50 ára. Hann flutti af jörðinni 1919 og tók Helgi Sigurðssun bóndi við búskapnum til 1946, þegar Geir Sigurðsson síðasti bóndinn á Hvaleyrarjörðinni gerðist leiguliði Flygeringana til 1957. Í desember 1912 keypti Hafnarfjarðarbær allar hjáleigurnar á Hvaleyri og þar með hálfa jörðina af afkomendum Þorsteins Egilssonar. Allt óræktað land Hvaleyrar komst í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar við lagatöku sem tók gildi 1. febrúar 1936. Menntamálaráðuneytið samþykkti 1956 kaup bæjarsjóðs á eign Gjafasjóðs Þórarins Böðvarssonar og Þórunnar Jónsdóttur og þar með varð öll Hvaleyrartorfan eign bæjarins. Frá árinu 1967 hefur golfklúbburinn Keilir haft Hvaleyri til afnota fyrir starfsemi sína. Þar er nú 18 holu golfvöllur.

Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðið sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Það er nánar merkt á korti.
Fylgiskjal 2.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1300-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Bæjarhóll syðri | N 064°03.635' W 021°59.500' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarhóll syðri | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Við Hvaleyrarbæinn. Þarna hefur nú verið sléttað því er ekki hægt að staðsetja bæjarhólinn nákvæmlega.

**Lýsing:**

Bæjarhólinn er háhólinn eða hryggurinn sem gengur norðan frá Hvaleyrarholtinu í stefnu á Helgasker. Á syðri bæjarhólnum stóðu bæjarhús Hvaleyrar lengst af.

**Athugasemdir:**

Bæjarhólarnir voru tveir, Bæjarhóllinn syðri og Bæjarhóllinn nyrði.
Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðinu sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Það er nánar merkt á korti,sjá Fylgiskjal 2.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti*" Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1300-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Bæjarhóll nyrðri | N 064°03.635' W 021°59.500' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarhóll nyrðri | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Í örnefnaskrá J.G. segir að á nyrðri bæjarhólnum hafi væntanlega kirkjan staðið og Hvaleyrarkot, en síðast hafi verið þar fjárhús.

**Lýsing:**

Svæðið þar sem Hvaleyrarbærinn stóð hefur nú verið sléttað.

**Athugasemdir:**

Bæjarhólarnir voru tveir, Bæjarhóllinn syðri og Bæjarhóllinn nyrðri.
Á Hvaleyri var stundum tvíbýli t.d. rétt fyrir aldamótin 1900, og var þá bæjarsund á milli húsana.
**Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðinu sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Það er nánar merkt á korti, sjá Fylgiskjal 2.**

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson 2004. *"Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti"* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

**Aðalnúmer:** 9

**Undirnúmer:** 4

**Landareign:** Hvaleyri

**Landareign nr:** 122353

**Jarðatal 1874:** 168

**Aldur:** 1300-1900

**Heiti:** Öskuhaugur

**GPS-Hnit:** N 064°03.635' W 021°59.500'

**Ástand:** Horfið

**Hættumat:** Ábúð

**Hætta:** Mikil

**Tegund minja:** Öskuhaugur

**Friðlýst:** Nei

**Hvenær:**

**Friðlýsa:** Nei

**Merkja:** Nei

**Minjagildi:** Hátt

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni norðan við hlöðu sem byggð var 1917. Heim undir bæ var öskuhaugurinn.

**Lýsing:**

Nú hefur verið sléttað þar sem Hvaleyrarbæirnir hafa staðið.

**Athugasemdir:**

Margar skákir túnsins voru miðaðar við öskuhauginn.
Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðinu sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Svæðið er nánar merkt á korti sjá
Fylgiskjal 2.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrarbrunnur | N 064°03.722' W 021°59.192' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Brunnur/Hvaleyrarbrunnur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Neðan við traðirnar var Hvaleyrarbrunnur. Um 12 m í suður er Sveinskotstúngarður. sem liggur austur- vestur. Staðsetning brunnsins í landinu eins og það er núna, er við suðurenda á æfingagolfbraut nr. 7 sem liggur næst Hvaleyrartjörn að vestan.

**Lýsing:**

Brunnurinn er nú sporöskjulaga grasivaxinn um 4 m x 3 m að stærð og hæðum 0.80 m. Ofan á brunnopið hefur verið lögð járnplata sem er um 2 m x 1 m, hún er nú að mestu grasivaxin.

**Athugasemdir:**

Frá Hvaleyrarbænum að brunninum lá Brunngatan. Þangað sóttu flestir bændur vatn. Hann lág svo lágt við Hvaleyrartjörn, að hann fyllti stundum af sjó og hroða, sameinuðust þá ábúendur um að hreinsa hann. Suður frá brunninum var sandbakki sem nefndist Barðið.

Mynd 1.
Hvaleyrarbrunnur fyrir miðri mynd horft í norður.
Mynd 2.
Hvaleyrarbrunnur horft í norður.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Brunngata | N 064°03.688' W 021°59.470' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Gata/Brunngata | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Heiman frá bæ og norður og niður að sjó lá Brunngatan, þvert á hana var Kotagatan í austur - vestur.

**Lýsing:**

Þar sem gatan hefur legið er upphækkun í landinu allt að 1 m á hæð, og um 1-2 m á breidd, líklega hafa verið garðar beggja megin götuna, en síðan hefur verið fyllt í á milli garðanna, svo þarna er nú nokkuð slétt upphækkun sem nær óslitið um 40 m niður að grasivöxnum garði sem var hlaðinn á vegum golfklúbbsins. Frá þessum garði að brunninum er gatan ekki sýnileg.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Frá Hvaleyrarbænum lá brunngatan niður að Hvaleyrarbrunni, horft eftir götunni í austur að brunninum.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*




# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Suðurtúngarður | N 064°03.606' W 021°59.430' | Horfið | Nýbyggingar | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/suður | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni norðan við hlöðu þá sem byggð var 1917, en Hvaleyrarhúsið stendur aðeins sunnar. Hvaleyrartúnið var umgirt Hvaleyrartúngörðum, suðurtúngarður var á suðurhlið.

**Lýsing:**

Það sem nú sést af garðinum liggur meðfram stíg sem liggur neðan við þjónustuhús golfklúbbsins, í átt að Hvaleyrartjörn. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrjóti, og er grasivaxinn að mestu. Garðurinn er allt að 1.50 m á hæð og lækkar til austurs .Veggjaþykkt er um 1 m - 2 m. Garðurinn er ekki samfelldur, en skiptist í 48 m langan bút síðan er 5 m rof, þá er 30 m bútur og 5 m rof, um það rofi hafa traðirnar legið heim að Hvaleyrarbænum. Við austurhluta rofsins sést fyrir tóft.( N: 64° 03.606- V: 21°59.430) Þá kemur 30 m garður og rof sem er 5 m og síðan garður sem eru um 23 m og við enda þessa garða er fjárhústóft (N:64°03.616-V: 21°59.321). Þá er rof í garðinn sem er um 7 m langt, og síðan tekur við garður sem er um 100 m langur, og rennur samna við landið í endann.

**Athugasemdir:**

Við Suðurtúngarð var Suðurtraðarhlið, við traðirnar sem lágu heim að Hvaleyrarbænum.

Mynd 1.
Horft yfir túngarðinn til vesturs.
Mynd 2.
Horft yfir túngarðinn til norðausturs.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri. Hafnarfjörður, Gullbringussýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Austurtúngarður | N 064°03.694' W 021°59.186' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/austur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni norðan við hlöðu þá sem byggð var 1917, en Hvaleyrarhúsið stendur aðeins sunnar. Hvaleyrartúnið var umgirt Hvaleyrartúngörðum. Austurtúngarður lá frá suðurgarði norður og niður eftir túninu.

**Lýsing:**

Garðurinn er um 50 m langur, og um 1 m þykkur, hleðsluhæð er allt að 1m en yfirleitt lægri

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Gaðurinn til hægri á myndinni, út við sjóinn.
Ljósmynd. Katrín G. 2004.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 9 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vesturtúngarður | N 064°03.695' W 021°57.719' | Sæmilegt | Ábúð | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/vestur | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Gaður þessi liggur meðfram sjávarkambinum að vestan við 10. og 11. braut á golfvellinum.

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni norðan við hlöðu þá sem byggð var 1917, en Hvaleyrarhúsið stendur aðeins sunnar. Hvaleyrartúnið var umgirt Hvaleyrartúngörðum. *Vesturtúngarður* var fyrir nokkrum hluta Vesturtúns.

**Lýsing:**

Garðurinn er við sjávarkambinn um 160 m langur, og er að mestu í sömu hæð og landið sem liggur að honum við norðausturenda garðsins en hækkar aðeins til norðurs og er allt að 1 m þar sem hann er hæstur. Hleðsluhæð í bakkanum niður að sjávarkabinum er um 1 m. Gaðurinn er um 1 m á breidd þar sem hann er breiðastur en yfirleitt mun mjórri.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft yfir túngarðinn til suðsuðausturs.
Mynd 2.
Horft yfir túngarðinn til norðurs.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri. Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 10 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrartraðir | N 064°04.242' W 021°57.634' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| TraðagarðurHvaleyrartraðir | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni Hvaleyrartúnið var umgirt Hvaleyrartúngörðum.
Heiman frá bænum lágu Suðurtraðir eftir hæsta hrygg á túninu í suðurgarðshlið. Á þessum stað er austurhluti golfbrautar nr. 18, norðan við götuslóða meðfram túngarði sem er í austur-vestur.

**Lýsing:**

Traðirnar er nú að mestu horfnar í golfvöllinn, en sést aðeins móta fyrir þeim ef vel er að gáð sem smá lækkun í landinu og litamunur og á landinu í kring. Garðar hafa verið meðfram tröðunum, Traðagarður eystri, og Traðagarður vestari.

**Athugasemdir:**

Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðinu sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Svæðið er nánar merkt á korti, sjá Fylgiskjal 2.

Mynd 1.
Horft til suðsuðausturs frá bæjarstæði Hvaleyrar eftir tröðunum sem eru fyrir miðri mynd. með stefnu á leiskólann Vesturkot sem er gult hús á myndinni. Traðirnar láu að austurtraðarhliði.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri. Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*




# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 11 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Brunngata/Austurtraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Traðir/austur | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyratúni, norðan við hlöðu sem byggð var 1917. Traðirnar lágu heiman frá bæ og niður til norðausturs.

**Lýsing:**

Austurtraðir öðru nafni Brunngötuna má sjá sem upphækkun í landinu um 2 m breið, og um 0.40 m hæð, og grasivaxin.

**Athugasemdir:**

Þessar traðir voru aðallega í notkun nú á síðustu tímum. Þær voru upphaflega brunngata, en þarna var svo Austurtraðarhlið.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 12 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Pétursvöllur | N 064°03.654' W 021°59.211' | Horfið | Nýbyggingar | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Pétursvöllur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Austan traðargarðsins var svokallaður Pétursvöllur.
Pétursvöllur er í dag við suðurenda æfingagolfbrauta nr. 7 og 8. sunnan við götuslóða.
*Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.*

**Lýsing:**

**Athugasemdir:**

Pétursvöllur nefndur svo í skjali frá 1774.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson, Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 13 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Túngarður | N 064°03.622' W 021°59.344' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Pétursvallargerði | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Garðurinn liggur á grasivöxnu svæði sem er við austurenda á æfingagolfbraut nr. 2 og golfbrautar 18.
Sjá staðsetningu, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Garðurinn liggur norður-suður, um 100 m langur grasivaxinn, hleðsluhæð er um 1 m , og hann er um 1 m breiður.

**Athugasemdir:**

Gaðurinn hefur legið að Pétursvallargerði að vestan og Suðurvelli að austan.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

**Aðalnúmer:** 9
**Undirnúmer:** 14
**Landareign:** Hvaleyri
**Landareign nr:** 122353
**Jarðatal 1874:** 168
**Aldur:** 1550-1900

**Heiti:** Sandbrekknatún
**GPS-Hnit:** N ° . ' W ° . '
**Ástand:** Horfið
**Hættumat:** Ábúð
**Hætta:** Lítil

**Tegund minja:** Tún/Sandbrekknatún
**Friðlýst:** Nei
**Hvenær:**
**Friðlýsa:** Nei
**Merkja:** Nei
**Minjagildi:** Lítið

**Lega og staðhættir:**

Vestan traðanna var Sandbrekknatún.
Þarna liggur nú gólfbraut nr. 12.
*Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.*

**Lýsing:**

**Athugasemdir:**

Sandbrekknatún sem 1774 skiptist sundur í Sandbrekknatún syðra suður við túngarð og Sandbrekknatún nyrða.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla, Örnefnastofnun Íslands.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 15 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1448-1752 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Kirkja/kirkjugarður | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Kirkja/kirkjugarður,horfið | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Á bæjarhólnum stóðu fleiri byggingar. Þar stóð kirkjan sem var aflögð 1752.

**Lýsing:**

Það er ekkert í landinu sem gefur til kynna hvar kirkjan eða kirkjugarðurinn hafa verið.

**Athugasemdir:**

Þá segir í heimildum frá 1448 að þar hafi verið kirkja, Í Sögu Hafnarfjarðar frá 1933, segir m.a. að á Hvaleyri hafi verið kirkja í kaþólskum sið, en eigi er kunnugt hvenær hún hafi verið reist fyrst. Þessi kirkja hefur verið graftrarkirkja, því enn sést fyrir kirkjugarði í túni heimajarðarinnar á Hvaleyri.

Í Jarðabók frá 1703 segir m.a. að Hvaleyri sé kirkjustaður og hafi anexíu til Garða á Álftanesi. Þar er ei nema hálfkirkja og embættað þrisvar á ári.
Örnefnaskrá segir:
Í kringum kirkjuna var svo kirkjugarður, því þó hér væri aðeins hálfkirkja var grafið hér heimafólk og jafnvel aðkomið.

Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á svæðið sem er í kringum Hvaleyrarbæinn. Svæðið er nánar merkt á korti, sjá Fylgiskjal 2.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1703. Jarðabók bsl. 168. Kaupmannahöfn 1923-1924.
Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Sigurður Skúlason 1933. Saga Hafnarfjarðar,23
Í Jarðatali Johnsens frá 1847. bls. 91. Kaupmannahöfn.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 16 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Kirkjutún | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Kirkjutún | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Norðan frá Hvaleyrarbænum var Kirkjutún eða Kirkjutungur, Kirkjutungan syðri og Kirkjutungan nyrðri.

**Lýsing:**

Þar sem ekki er vitað hvar kirkjan hefur staðið, er heldur ekki hægt að segja með vissu hvar Kirkjutún hefur verið, en hugsanleg stasetning er sýnd á korti, sjá Fylgiskjal 1.

**Athugasemdir:**

Það ætti að gæta ýtrustu varúðar við allt jarðrask á því svæði sem er í kringum horfna Hvaleyrarbæinn. Svæðið er nánar merkt á korti, sjá Fylgiskjal 2.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri. Hafnarfjörður Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 17 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1625-1887 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrarkot | N 064°03.508' W 021°59.429' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hjáleiga/Hvaleyrarkot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarhjáleiga hefur verið við traðirnar heim að Hvaleyri, þar sem nú er austan við suðurhluta golfbrautar nr. 18.

**Lýsing:**

Þarna hefur verið sléttað.

**Athugasemdir:**

Hvaleyrarkot var hjáleiga, er fyrst getið 1625, þegar Fabían Jónsson bjó þar.
Síðustu ábúendur kotsins fóru þaðan 1889, það voru þau Kristján Eyjólfur Ásmundsson og Agnes Hjartardóttir.
Þarna voru byggð fjós og hlaða, heimildum ber ekki saman, um árið 1916 eða 1917.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður.* Örnefnastofnun.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 18 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrarkotstún | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Sáðslétta/Hvaleyrarkotstún | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tún hjáleigunnar Hvaleyrarkots, óvíst hvar túnið hefur verið nákvælega, en trúlega legið út frá bænum, en hann var austan við traðirnar að Hvaleyrarbænum þar sem nú er austan við suðurhluta golfbrautar nr. 18.
Sjá staðsetningu Hvaleyarkots á korti, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Bjæarstæðið og túnið eru horfin í landið.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 19 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1916-1950 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrarhúsið | N 064°03.645' W 021°59.453' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bústaður/Hvaleyrarhúsið | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Bæjarstæðið hefur verið þar sem nú er svæðið á milli miðjar golfbrautar nr. 18 og æfingabrautar nr. 2.
Sjá staðsetningu á korti, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Þarna hefur verið sléttað.
Húsið stóð norðan við Hvaleyrarfjósið og sem var byggt 1917, og sunnan við tóftir gamla Hvaleyrarbæjarins.

**Athugasemdir:**

Árið 1916 byggði August Flyering íbúðarhús, Hvaleyrarhúsið fyrir son sinn Ingólf sem var búfræðingur á sama stað og Fiske Jagterens Huus hafði staðið áður.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 20 | Hvaleyri | 122353 | 168 | - 1550 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Kotagata,Sjávargata | N 064°03.795' W 021°59.487' | Sæmilegt | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Gata/Kotagata,Sjávargata | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Kotagatan er vel sýnleg þar sem hún liggur við suðurenda brautar 7 og liggur síðan yfir braut 8 á æfingarvelli. Gatan liggur síðan á milli brautar 3 á æfingarvelli og brautar 14 á almennum velli., og út að þar sem áður stóð hjáleigan Vesturkot.

**Lýsing:**

Gatan er vel sýnileg í landinu 2 m - 3 m á breidd. Malargata sem er grasivaxin að mestu.

**Athugasemdir:**

Kotagatan hafði líka nafnið Sjávargata þar sem hún lá vestan við Hvaleyrartjörnina.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 21 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1800- |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Samslægnatún | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Samslægnatún | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Samslægnatún lá niður með Brunngötunni allt norður að Kotagötu eða Sjávargötu.
*Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.*

**Lýsing:**

Samslægna er við suðausturenda æfingabraut nr. 3 á golfvelli

**Athugasemdir:**

Kotbændur á Hvaleyri nýttu túnið í sameiningu.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 22 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1781-1992 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Bæjarstæði | N 064°03.323' W 021°59.692' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hjáleiga/Vesturkot/Drundur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í norður frá bænum var vestasta hjáleigan Vesturkot.
Vestukot hefur staðið við endann á Kotagötunni sem hefur legið og liggur enn frá Hvaleyrartjörn og í vestur eftir Hvaleyrinni.

**Lýsing:**

Þarna hefur nú verið sléttað og ekkert sést af þeim byggingum sem þarna hafa staðið.

**Athugasemdir:**

Vestan kotsins var Hvaleyrarhöfðinn eða Höfðinn. Hann var einnig nefndur Drundur, og kotið einning Drundur. Vesturkot hét áður Lásastaðir eftir Nikulási Bárðarsyni hjáleigubónda sem bjó þar 1781-1800. Eftir 1810 hét það Vesturkot. Síðasti ábúandi kotsins var Sigurður Gíslason, en faðir hans Gísli Jónsson tók við jörðinni 1915, og byggði upp. Árið 1967 var síðan bæjarhúsunum breytt í klúbbhús gólfklúbbsins Keilis, og stóð það til 1992, þegar það var brennt, þegar að Keilismenn fluttu í nýtt hús sunnar á Hvaleyrarholti.

Í Jarðatali frá 1847 segir í skýringum með Hvaleyri......*Þó jb. 1803 ein nefni 4 byggðar hjáleigur(Bindini, Lönd, Lásastaði og Ásgautstaði) og virði þær allar til dýrleika er þeim samt sleppt, bæði af presti og sýslumanni (sem líklega graslausum).*

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
J.Johnsen. *Jarðatal*, bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 23 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vesturkotstraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Traðir/Vesturkotstraðir | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Frá Hvaleyrartröðum lágu traðir vestur- norðvestur, nefndar eftir þeim kotum sem þær lágu að. Vesturkotstraðir lágu að Vesturkoti.
Sjá staðsetningu Vesturkots, á Fylgiskjali 1.

**Lýsing:**

Ekki er þarna neitt sem gefur til kynna hvar traðirnar hafa legið að Vesturkoti, en hugsanlega hafa þær legið frá enda Kotagötunnar sem liggur yfir Hvaleyrina og endar við bæjarstæði Vesturkots.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnenfnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 24 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vesturkotstún | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Vesturkotstún | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Í norður frá bænum var vestasta hjáleigan Vesturkot, og í kringum það Vesturkotstún.
*Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.*

**Lýsing:**

Á Vesturkotstúni liggja nú gólfbrautir 15 og 16.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá *Hvaleyri - býlin, túnin og kennileiti.*
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 25 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vesturkotstúngarður | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Vesturkotstúngarð | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Vesturkotstúngarður lá ofan frá bæ niður á Hvaleyrarbakka við Þórðarvik, en þar var vik. Bakkinn var nefndur Fúll.

**Lýsing:**

Ekki sést fyrir þessum túngarði og ekki hægt að staðsetja hann.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 26 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Flókasteinn | N 064°03.850' W 021°59.307' | Ágætt | Ábúð | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Rúnasteinn/Flókasteinn | Já | 15.11.1938 | Já | Já | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Á vestanverðum Hvaleyrarhöfða, vestan við Vesturkot eru Rúnaklappir, þar er Flókasteinn.

**Lýsing:**

Flókasteinn er grágrýtis steinn, hann er um 2.5 m að lengd, og breiddinn er um 1-2 m, hæðin um 0.70. Vestan við steininn er upphlaðinn smá hálfhringlaga grasivavaxinn garður sem er um 0.30 m á hæð en lækkar þar sem hann er næst steininum, veggjaþykkt garðsins er um 0.30.

**Athugasemdir:**

Rúnaklappir eru grágrýtisklappir. Með bandrúnum og flúri. Sésrstaklega var einn steinninn mikið markaður. Hann nefndist Flókasteinn. Töldu sumir að Hrafna - Flóki hefði skilið þarna eftir sig nafnspjaldið.

Í *Örnefnaskrá* segir m.a.: Á klöppunum eru bandrúnir og flúr. Sérstaklega var einn steininn mikið markaður. Hann nefndist Flókasteinn.
Í *Árbók fornleifafræðifélgasins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. Segir þar m.a.:
Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar hinn 7. júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í stensteypu eftir stríðsumsvif breta í heimsstiröldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteypt byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinunum eru frá 1653.
Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841.
Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í *Sóknarlýsingu fyrir Garðapresatakall 1842.*
Árið 1854 fær síðan Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland og skoðar þá steinana.
Kristian Kålund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum lattneskir bókstafir og og ártölin 1628 og 1777.
Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu Sögu Hafnarfjarðar (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins
Mynd 1.
Horft til suðurs, yfir Flókastein.
Mynd 2.
Horft til suðausturs yfir Flókastein.
Mynd 3. Horft til austurs, Flókasteinn fyrir miðri mynd, Mínorsteinn ber í hann fyrir ofan.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 27 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Minorsteinn | N 064°03.353' W 021°59.815' | Sæmilegt | Ábúð | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Rúnasteinn/Minorsteinn | Já | 15.11.1938 | Já | Já | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Vestan við Vesturkot, eru Rúnaklappir, vestast á Hvaleyri á Hvaleyrarhöfða.

**Lýsing:**

Steininn er grágrýtissteinn rúmlega 2 m langur og breiddin 1- 2 m, og hæðin að sunnan um 0.30 m, en að norðan í sömu hæð og landið í kring.

**Athugasemdir:**

Þarna er Flókasteinn og annar steinn Minorsteinn, rétt hjá með stöfum og tölum, á honum er ártalið 1777.
En það ár var hér Minor sjóliðsforingi norksur og því er steinninn nefndur Minorsteinn.

Í *Örnefnaskrá* segir m.a.: Á klöppunum eru bandrúnir og flúr. Sérstaklega var einn steininn mikið markaður. Hann nefnsist Flókasteinn.
Í *Árbók fornleifafræðifélgasins* er grein sem heitir "Bergristur á Hvaleyri" eftir Sveinbjörn Rafnsson. segir þar m.a.:
Á Hvaleyrarhöfða sér í jökulsorfnar grágrýtisklappir. Í þessar klappir hafa menn höggvið ýmis teikn og skráði greinarhöfundur og mældi bergristur þessar hinn 7. júlí 1970. Risturnar hafa verið gerðar í fjórar afmarkaðar klappir eða steina, en klappir eru þarna fleiri þó ekki séu á þeim ristur. Risturnar verða þó ekki greindar til gagns nema á þremur af þessum steinum. Syðsta klöppin er nú ólæsileg og hrakalega útötuð í stensteypu eftir stríðsumsvif breta í heimsstiröldinni síðustu. Allt í kringum steinana eru steinsteypt byrgi og byssustæði frá þeim tíma. Steypan í þessi mannvirki hefur verið blönduð og hrærð á syðstu klöppinni, þó má enn greina einstöku höggna rák út undan steypuhúðinni. Elstu ártöl á steinunum eru frá 1653.
Jónas Hallgrímsson mun hafa verið sá fyrsti sem rannsakaði steinana fornfræðilega í júní 1841.
Árni Helgason í Görðum er sá næsti sem getur um Hvaleyrarristurnar í *Sóknarlýsingu fyrir Garðapresatakall 1842.*
Árið 1854 fær síðan Magnús Gíslason styrk til fornfræðiferða um Ísland. og skoðar þá steinana.
Kristian Kålund getur Hvaleyrar í drögum að staðarlýsingu Íslands, og segir að þar séu á nokkrum klöppum lattneskir bókstafir og og ártölin 1628 og 1777.
Sigurður Skúlason á greinagóða og sígilda lýsingu Hvaleyrar steina í riti sínu Sögu Hafnarfjarðar (frá 1933, bls. 27-28) en hann er sá fyrsti sem segir steina með ristunum vera fjóra talsins.
Mynd1.
Horft yfir steininn til norðurs.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Sveinbjörn Rafnsson." *Bergristur á Hvaleyri.*" bls. 75-93. Árbók hins Íslenzka fornleifafélgs 1974. Reykjavík 1975.




# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 28 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1805-1880 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þóðrarkot/Þórðargerði | N 064°03.876' W 021°59.532' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bústaður/Þórðarkot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Sunnan Vesturkotstúngarð var Þórðarkot í Þórðatkotstúni.
Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Á bæjarstæði Þórðarkots er nú sléttað, og þar liggja golfbrautir nr. 14 og 15.

**Athugasemdir:**

Þórðarkot hefur haft ýmis nöfn í gegnum tíðina, eftir því hver hefur búið þar hverju sinni.
Á árunum 1805-1835, hét það Einarskot eftir Einari Andréssyni. Þórðarkot frá því að Þórður Jónsson lóðs flutti þangað 1832 og hélst nafnið til 1870.
Beinteinskot þegar Beinteinn Stefánsson frá Krýsuvík bjó þar 1870-1880, Hann var síðastur ábúenda til að búa í kotinu sem fór í eyði eftir hans dag og túnið lagðist fljótlega eftir það undir Halldórskot.

Mynd 1.
Horft til austurs yfir bæjarstæði Þórðarkots.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 29 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þórðargerðistúngarður | N 064°03.847' W 021°59.355' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Þórðargerðisgarðu | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Á austurhlið Þórðargerðis var garður, Þórðargerðisgarður.
Garðurinn er út frá Kotagötunni í norður, og liggur yfir austurhluta golfbrautar nr. 14, út að sjó.
Sjá staðsetningu, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Garðurinn er grasivaxinn og liggur í norður - suður. Hann er um 130 m langur og hæð allt að 0.80 m, veggjaþykkt um 1 m. Við norðurenda garðsins er garðbútur sem liggur til austurs um 10 m langur, og annar við suðurendann sem liggur til vesturs og er um 15 m langur. Nokkur rof hafa verið gerð í langhlið garðisins á seinni árum vegna umferðar golfmanna um svæðið.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðaustur eftir garðinum. og má glögglega sjá rofin í honum. Baksvipur á Jónatan Garðarssyni til vinstri á myndinni.
Mynd 2.
Horft til norðausturs yfir túngarðinn, þar sem hann er næst sjónum.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 30 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þórðargerði/Beinteinsgerði/Zi | N 064°03.876' W 021°59.532' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Þórðargerði | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Þórðargerði var túnblettur við Þóðarkot.
Þarna eru nú gólfbrautir nr. 14 og 15.

**Lýsing:**

Þórðarkotstún takmarkaðist af túngörðum sem hlaðnir voru á þrjá vegu, en að norðan náði það niður að Bakkanum og fjörunni.
Þarna eru nú gólfbrautir nr. 14 og 15.

**Athugasemdir:**

Í Þórðargerði bjó eitt sinn maður að nafni Beinteinn Stefánsson, þá nefndist kotið Beinteinskot og túnbletturinn Beinteinsgerði. Síðar hafði Christian Zimsen verslunarstjóri afnot af gerðinu, á síðasta fjórðung 19. aldar, þá nefndist það Zimsensgerði.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 31 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1882- |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þórðarstígur | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Gönguleið/Þóðarstígur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Frá Þórðarkoti lá göngustígur frá bæ niður í vikið.

**Lýsing:**

Ekkert sést af stígnum og ekki er hægt að staðsetja hann.

**Athugasemdir:**

Þegar Þórður Jónsson lóðs bjó í Þórðarkoti, var lendinginn Þórðarlending og Þórðarvör, og lágu um tíma tröppur sem voru hoggnar í móbergið niður í víkina.
Gps fyrir Þórðarkot er N 064°03.876' W 021°59.532'.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri. Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofunun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 32 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þórðarvör | N 064°03.876' W 021°59.532' | Horfið | Landeyðing | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Lending/Þórðarvör | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Hvaleyrarbúð og Hvaleyrarhróf. Hér utan hækkaði bakkinn þar til kom að Fúlu. Vikið hét Fúla, Fúlavík og þar var Fúlavör. Hér var einnig kallað Þórðarvör, Þórðarlending og Þórðarvík.
Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Þarna er nú grasivaxið á brúninni, og fyrir neðan er grjótfjara.

**Athugasemdir:**

Þórður lóðs gerði tröppur hér niður af Fúl og niður í Fúlu.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringussýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 33 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1778-1944 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Halldórskot | N 064°03.766' W 021°59.339' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hjáleiga/Halldórskot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í austur frá Þórðarkot, tekur við Halldórskot í Halldórskotstúni. Halldórskot hefur staðið þar sem nú er austurendi á golfbraut nr. 14.

**Lýsing:**

Þarna hefur verið sléttað, en sést þó fyrir L-laga garði, túngarði sem hefur verið utan um bæjarstæði Halldórskots.

**Athugasemdir:**

Í Jarðatali frá 1847 segir í skýringum með Hvaleyri.....*þó jb. 1803 ein nefni 4 bygðar hjáleigur (*Bindindi, Lönd, *Lásastaði og Ásgautstaði) og virði þær allar til dýrleika, er þeim samt sleppt, bæði af presti og sýslumanni(sem nú líklega graslausum*).

Bindindi var kot á Hvaleyri með Bindindistúni. Nefndist þessu nafni frá 1778-1821, síðan hét það Jónskot, frá 1810-1821 en síðast Hallldórskot frá 1847-1944 eftir Halldóri Jónssyni. Tengdasonur Halldórs, Eyjólfur Eyjólfsson seldi Þorsteini Egilssyni kotið 1883. Síðustu bændur sem byggðu kotið frá 1906-1944 voru Aðalbjörn Bjarnason stýrimaður og Þorgerður Kristín Jónsdóttir kennari, eftir þeirra dag var kotið þurrabúð um tíma þar til það fór í eyði.
Mynd 1.
Horft til austurs yfir bæjarstæði Halldórskots, og leifar túngarðsins.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
J.Johnsen. *Jarðatal*, bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*




# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 34 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Halldórskotstraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Traðir/Halldórskotstraðir | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Frá Hvaleyrartröðum lágu traðir vestur-norðvestur. Nefndunst þær eftir kotunum traðir heim að Halldórskoti nefndust því Halldórskotstraðir.

**Lýsing:**

Ekki er hægt að staðsetja þessari traðir, þær eru ekki sýnilegar í dag.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 35 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Halldórskotstúngarður | N 064°03.779' W 021°59.359' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Halldórskotstúnga | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Halldórskotstúngarður var á suður- og austurhlið túnsins við Halldórskot. Haldórskotstúngarður er við austurenda á golfbraut nr. 14.

**Lýsing:**

Túngarðurinn er mjög greinilegur grasivaxinn. Hann er L-laga, annar armurinn sem er í austur-vestur, er um 50 m langur, 1 m langt rof er í garðinn um 20 m frá horni hans. Hinn armurinn frá horni er um 8 m, þá er rof í garðinn um 3 m langt, þá eru 16 m af garði. Hleðsluhæð allt að 0.40 m, en mestu lægri,veggjaþykkt um 1 m.Veggjaþykkt garðsins er mest neðst, en garðurinn mjókkar aðeins upp.

**Athugasemdir:**

Halldórskotstúngarður var við suðurhlið og austurhlið túnsins.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 36 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1785-1978 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sveinskot | N 064°03.734' W 021°59.296' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hjáleiga/Sveinskot | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Halldórskot var í Halldórskotstúni þar sem var túngarður á suður- og austurhlið. Austan og sunnan hans var *Sveinskot* í Sveinskotstúni.
Sveinskot hefur staðið við suðurhluta æfingabrautar nr. 8 u.þ.b þar sem hún skerst við gömlu götuna sem liggur eftir Hvaleyrinni, í vestur.
Sjá staðsetningu, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Síðasta bæjarhúsið í Sveinskoti var rifið 1985. Eftir stendur nú allstór hrúga um 1-2 m á hæð. 2-3 m að ummmáli. Frá hrúgunni í suðvestur, gengur garður sem hefur verið í kringum kálgarð.

**Athugasemdir:**

Í Jarðatali frá 1847 segir í skýringum með Hvaleyri.....*þó jb. 1803 ein nefni 4 byggðar hjáleigur (Bindindi, Lönd, Lásastaði og Ásgautstaði) og virði þær allar til dýrleika, er þeim samt sleppt, bæði af presti og sýslumanni (sem nú líklega graslausum)*.

Sveinskot hét Ásgautskot frá 1785-1841. síðan Sveinskot frá 1785-1841, og var það nefnt eftir Sveini Eiríkssyni prests Guðmunssyni í Hvalnesi sem var tengdasonur Jóns ríka Þórðarsonar í Móhúsum í Stokkseyrarhreppi. Sveinn átti um tíma miklar eignir m.a. í Krísuvík en sólundaði öllum auði konu sinnar. Þar bjó einnig Guðmundur Kristmundsson ásamt Ingibjörgu systur sinni sem stofnaði Systkinasjóð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Ársæll Grímsson og eiginkona hans Hansína Árný Magnúsdóttir voru síðustu ábúendur í Sveinskoti. Þegar Golfklúbburinn Keilir tók við Haleyrinni 1967, gerðist Ársæll gæslumaður vallarins til ársins 1978, en flutti úr Sveinsskoti 1980. Síðasta bæjarhúsið var rifið 1985.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands
J.Johnsen. *Jarðatal,* bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 37 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sveinskotstún | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Sveinskotstún | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Við Sveinskot var Sveinskotstún.
Gps fyrir Sveinskot er N: 064°03.734' V: 021°59.296.
*Sjá staðsetningu Fylgiskjal 1.*

**Lýsing:**

Afmörkun Sveinskotstún eftir lýsing segir að túnið náði vestur að gerði Halldórskots norður að hlöðnum túngarði, suður að brunngötu og að landssuðri á Halldórskotstúni samt ekki í beinni línu heldur eftir merkjaþúfum.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. Uppdráttur Hvaleyri.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 38 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sveinskotsbrunnur | N 064°03.722' W 021°59.192' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Brunnur/Sveinskotsbrunnur | Nei | | Nei | Nei | Hátt |

**Lega og staðhættir:**

Sveinskot var í Sveinskotstúni, niður í túninu var Sveinskotsbrunnur eða Hvaleyrarbrunnur og þaðan lá brunnstígurinn heim.
Neðan við traðirnar var brunnurinn, Hvaleyrarbrunnur. um 12 m í suður er Sveinskotstúngarður. sem liggur austur-vestur. Staðsetning brunnsins í landinu eins og það er núna, er við suðurenda á æfingagólfbraut nr. 7, sem liggur næst Hvaleyrartjörn að vestan.

**Lýsing:**

Brunnurinn er nú sporöskjulaga grasivaxinn um 4 m x 3 m að stærð og hæðum 0.80 m. ofan á brunnopið hefur verið lögð járnplata sem er um 2 m x 1 m, hún er nú að mestu grasivaxinn

**Athugasemdir:**

Frá Hvaleyrarbænum að bunninum lá Brunngatan.Þangað sóttu flestir bændur vatn. Hann lág svo lágt við Hvaleyartjörn, að hann fyllti stundum af sjó og hroða, sameinuðust þá ábúendur um að hreinsa hann. Suður frá brunninum var sandbakki sem nefndist Barðið.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 39 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Kálgarður | N 064°03.734' W 021°59.296' | Lélegt | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Garðlag/Sveinskot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Garðurinn er fast sunnan við bæjarstæði Sveinskots.

**Lýsing:**

Garðurinn er í grasivaxinn um 0.40 m á hæð og breiddin um 0.80 m.
Hann er um 10 m langur í austur-vestur, 15 m í norður-suður, 6 m austur-vestur, og 12 m í norður - suður.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Vettvangathugun í sept. 2004.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 40 | Hvaleyri | 122353 | 168 | - 1550 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sveinskotstraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Traðir/Sveinskotstraðir | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Frá Hvaleyrartröðum lágu traðir vestur-norðvestur. Sveinskots-traðir efir Sveinskoti.

**Lýsing:**

Traðirnar eru horfnar.

**Athugasemdir:**

Gps fyrir Sveinskot:
N 064°03.734' W 021°59.296'

**Heimildir:**

Gílsi Sigurðsson, Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 41 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1800- |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sveinskotstúngarður | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Sveinskot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Sveinskotstúngarður liggur niður að Hvaleyrartjörn allt austur að Hvaleyrarbrunni.

**Lýsing:**

Sveinskotstúngaður er nú horfinn og ekki hægt að staðsetja hann.

**Athugasemdir:**

Gps fyrir Sveinskot:
N 064°03.734' W 021°59.296'

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 42 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Suðurvöllur | N 064°03.622' W 021°59.344' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Suðurvöllur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Sunnan við Sveinskotstún liggja Hvaleyrartraðirnar. Sunnan þeirra var upphaflega ræktaður svonefndur Suðurvöllur. Þarna er nú götuslóði sem var alfaraleiðin upp af Hvaleyrartjörn í suður, Kotagötunni í austur, og garði, Pétursvallagarði. sem liggur austur-vestur.
Sjá staðsetningu, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Þarna er nú grasivaxið svæði sem takmarkast af götuslóða sem var alfaraleiðin upp af Hvaleyrartjörn í suður, Kotagötunni í austur, og garði, Pétursvallagarði sem liggur austur-vestur.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 43 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1789-1911 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Tjarnarkot | N 064°03.795' W 021°59.275' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bústaður/Tjarnarkot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Norður af Sveinskotstúni var Tjarnarkotstún, þar stóð í eina tíð Tjarnarkot.
Tjarnarkot hefur staðið þar sem nú norðaustur endi á æfingagólfbraut nr. 7.

**Lýsing:**

Þarna hefur verið sléttað.

**Athugasemdir:**

Í Jarðatali frá 1847 segir í skýringum með Hvaleyri.....*þó jb. 1803 ein nefni 4 bygðar hjáleigur (Bindindi,* ***Lönd****, Lásastaði og* Ásgautstaði*) og virði þær allar til dýrleika, er þeim samt sleppt, bæði af presti og sýslumanni(sem nú líklega graslausum*).

Tjarnarkot hefur haft nokkur nöfn í gegnum tíðina.
Maleyrarkot nefndi Sveinn Eiríksson kotið Lönd, í bréfi sínu til dr. Jóns Hjaltalíns landlæknis 1851 er hann seldi réttindi til námavinnslu á brennisteini í Krýsuvíkurlandi sem hann átti til helminga við Sigurð Sigurðsson Sívertsen verslunarmann á Eyrarbakka.
Frá 1789-1810 hét kotið Lönd. Það hét Tjarnarkot frá 1830-1911, en þá fór það í eyði, síðustu ábúendur voru Þórarinn Jónsson og Ingigerður Petrína Pétursdóttir sem bjuggu þó aðeins þar í eitt ár, en það var algengt með síðustu ábúendur kotsins að þeir bjuggu þar stutt.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
J.Johnsen. *Jarðatal*, bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 44 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Tjarnarkot | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tún/Tjarnarkot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tjarnarkot stóð í Tjarnarkotstúni.
Sjá staðsetningu, Fylgiskjal 1.

**Lýsing:**

Þarna liggja nú æfingagólfbrautir nr. 7 og 8.

**Athugasemdir:**

Túnið kringum Tjarnarkot hét ýmsum nöfnum, eftir því hver átti kotið hverju sinni..
Tjarnarkot hét það frá 1830-1911, og þá *Tjarnarkotstún*, áður hét það Lönd 1789-1810, og þá *Landatún*. *Maleyrarkotstún*, eftir Maleyrarkoti, en svo nefndi Sveinn Eiríksson tengdasonur Jóns ríka úr Móhúsum kotið Lönd í bréfi sínu til dr. Jóns Hjaltalíns landlæknis 1851.
*Egilssonsgerði* hét það eftir að Sveinbjörn Egilsson keypti öll kotin á Hvaleyri 1899 af Þórarni Böðvarssyni prófasti í Görðum.
Gps fyrir Tjarnarkot er:
N 064°03.795' W 021°59.275'

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. Uppdráttur Hvaleyri.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 45 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Tjarnarkotstúngarður | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/Tjarnarkot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tjarnarkotstúngarður, liggur austur og inn frá vörinni ofan við Hvaleyrartjörn.

**Lýsing:**

Garðurinn hrofinn.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 46 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1828-1950 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Daðakot/Hjörtskot | N 064°03.646' W 021°59.205' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hjáleiga/Daðakot/Hjörtskot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Sunnan við Sveinskotstún liggja Hvaleyrartraðirnar. Sunnan þeirra var upphaflega ræktaður svonefndur Suðurvöllur. Þá reis þar ein hjáleiga til viðbótar *Daðakot.*
Þar stóð áður Poltzhús, hefur staðið er á milli suðaustur enda æfingabrauta á golfvelli nr. 2 og 8.

**Lýsing:**

Þarna hefur nú verið sléttað.
Á Poltzhóll stóð Poltzhús. Hóllinn þótti það merkilegur að hann var um tíma í vörslu Þjóðminjavarðar, en hefur nú verið sléttaður og eyðilagður.

**Athugasemdir:**

Daðakot hefur haft fleiri nöfn í gegnum tíðina, og hefur verið kennt við þá sem þar bjuggu á hverjum tíma. Talið er að hjáleigan hafi staðið á sama stað og *Poltzhús* sem þar stóð á árunum1775-1787.
Poltzhús var reist árið 1774-1775. Í húsinu bjuggu yfirmenn húkkortanna. Poltz hét sá sem fyrir þeim var. Hann bjó í heimabænum frá 1774-1776, en Theodal stiftamtmanni og Guðmundi Runólfssyni sýslumanni var falið að byggja íveruhús á Hvaleyri og annað á Mölunum fyrir skipsmenn húkkortanna. Knut Petersen reisti Poltzhús utan túns á Suðurvöllum, þar sem Hjörtskot stóð síðar. Húsið var rifið 1787, viðirnir seldir á uppboði og fluttir burt af staðnum. Poltzhús stóð á svokölluðum Poltzhól. Þótti hóllinn það merkilegur að hann var um tíma í vörslu Þjóðminjavarðar, en hefur nú verið sléttaður og eyðilagður.

Á árunum 1829-1841, *Daðakot* eftir Daða Guðmundssyni sem flutti síðar að Fiskikletti. Það hét *Þorvaldskot* 1843-1868, eftir Þorvaldi Ingjaldssyni. *Hjörtskot* frá 1868, eftir Hirti Guðmundssyni. Síðasti ábúandi var Magnús Benjamínsson sem lést 1936, og eftir hans dag bjó ráðskona hans Pálína Margrét Þorleifsdóttir í kotinu þar til hún lést 1955.
Mynd 1. Horft til norðurs yfir óljósar veggjahleðslur. Maðurinn á traktornum er fyrir ofan ójöfnurnar í landinu.
Mynd 2. Teikning Katrín G.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hfanrafjörður, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*






# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 47 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Daðakot/Hjörtskot | N 064°03.634' W 021°59.262' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft, óljós, Daðakot/Hjörtskot | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Á svæði upp af Hvaleyrartjörn, sem næstum myndar þríhyrning með gömlu alfara leiðinni að Hvaleyrartjörn að sunnan og kotagötunni að norðaustan, og veggjahleðlsu um 100 m langri að vestan.

**Lýsing:**

Mjög óljós tóftarbrot sem nánast hverfa í landið sem er grasivaxið. Þarna er smá lækkun í landinu sem kemur út eins og óljósir veggjarbútar.

**Athugasemdir:**

Líklegt er að tóftarbrotin séu Daðakot sem síðast var Hjörtskot. Sjá nánar næsta skráningarnúmer á undan.

Mynd 1:
Horft til norðurs yfir grasivavið túnið maðurinn á dráttarvélinni er ofan við óljós tóftarbrotinn í landinu.
Mynd 2.
Teikning, Katrín G.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 48 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1770-1802 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Smiðja | N 064°03.823' W 021°59.200' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Smiðja/sjóbúð, horfin | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Vestur af túnunum út af Tjarnarkoti, mun Hvaleyrarvörin hafa verið þar stóð smiðjan.
Þarna er nú norðurendi teigar á æfingargolfbrautar 8.

**Lýsing:**

Þar sem smiðjan hefur staðið, má sjá móta fyrir smá steinhrúgum að hluta til grasivöxnum sem mynda ferning með 10 m langri hlið. það vantar þó eitt hornið. Það hefur líklega farið undir norðurenda á teig á æfingagolfbraut nr. 8. Innan þessa ferning er sést fyrir óljósum veggjahleðslum, þarna gæti verið Hvaleyrarsjóbúð sem var upp af Hvaleyarvör.

**Athugasemdir:**

Smiðjuna átti Þorsteinn Jónsson bátasmiður sem bjó á Hvaleyri 1770-1805. Þorsteinn var bátasmiður, lóðs og bóndi. Smiðjan var talin stærsta bátasmiðja á Íslandi á sínum tíma, en brann 2. janúar 1802, var þá kveðið:

" Á Hvaleyri ár það brann
Íslands stærsta smiðja."

Mynd 1.
Horft til norð-vesturs, yfir teig 8. fremst á myndinni má sjá móta fyirr smá ójöfnu í landinu þar sem smiðjan hefur staðið, rétt uppi við teiginn.
Mynd 2.
Horft til norðnorðausturs yfir svæðið þar sem smiðjan stóð.
Mynd 3.
Tekning af svæðinu þar sem smiðjan stóð.
Teikning Katrin G.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gillbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileitl.* Óútgefið handrit.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*








# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 49 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhús | N 064°02.924' W 021°58.329' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárhús/Grísanes | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftin er neðst í grýttri brekku vestan undir Grísanesi.

**Lýsing:**

Fjárhústóftin er grjóthlaðin um 11 m x 11 m að stærð. Við norðausturhorn tófarinnar er veggjaþykkt um 1.5 m, en annars staðar um 0.50 m - 1m. Engar hleðslur eru á framhlið tóftarinnar, en steinahleðsla í sömu hæð og landið sýnir þó veggjarstæðið sem hefur verið úr timbri. timburhlið. Í tóftinni hafa verið þrír garðar, og er sá í miðið heillegastur, en úr hinum tveimur hefur hrunuð meira.

**Athugasemdir:**

Við fornleifaskráningu Þjóðminjasafnsins árið 1989 var gerð teikning af tóftinni eins og hún var þá, frá þeim tíma og til dagsins í dag hefur mikið hrunið úr veggjum og görðum tófarinnar.
Við fornleifaskráningu Þjóðminjasafns frá 1996 voru ekki gerðar neinar teikningar af fjárhúsunum, en vísað í fyrri teikningar frá 1989.
Mynd 1:
Horft yfir fjárhústóft til suðausturs.(115-1583).
Mynd 2:
Horft til suðursyfir fjárhústóft.(115-1582).
Mynd 3:
Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Sigurður Bergsteinsson 1989. Óútgefin fornminjaskráning.Hafnarfjörður, Hvaleyri. Þjóðminjasafn Íslands.
Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Trasutadóttir. "Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi". Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands 1996.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 50 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárbyrgi | N 064°03.028' W 021°58.149' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárbyrgi/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í suðurjaðri Hvaleyrarhrauns um 300 m suðvestur af Ástjörn í Hraunjaðrinum.

**Lýsing:**

Fjárbyrgið er grjóthlaðið.að mestu einhlaðið grjóti og veggjaþykkt er um 0.50 m - 1 m.
Stærðin er um 18 m x 7 m x 12 m. Veggjahæð er um 0.30 m - 0.50 m.

**Athugasemdir:**

Árið 1989 fór fram fornleifaskráning á vegum Þjóðminjasafns Íslans, var þá fjárbyrgið teiknað upp og mælt. Greinilega hefur hrunið úr veggjum tóftarinnar síðan.
Árið 1996 fór síðan fram fornleifaskárning á svæðinu vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Þá var fjárbyrgið ekki teiknað né mælt, heldur vísað í teikningar sem gerðar voru 1989.

Mynd 3: Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Sigurður Bergsteinsson. 1989. Óútgefin þjóðminjaskráning Hvaleyri, Hafnarfirði. Þjóðminjasafn Íslands.
Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir. 1966 "Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi" Þjóðminjasafn Íslands.




# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 51 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Kvíar,gæsakofi | N 064°03.066' W 021°75.976' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Kvíar, gæsakofi/tóft | Já | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftin er um 150 m suðvestur frá Ástjörn. Hún er í grasigróinni brekku sem hallar í norður að mýrarflóa sem teygir sig suðvestur frá Ástjörn. Tóftin er fast ofan við göngustíg sem liggur við suðausturenda Ástjarnar.

**Lýsing:**

Tóftin er mjög grasivaxin en sést þó í hleðslur. Stærð tófarinnar eru um 5-6 m x 5 m á norðuhlið og suðurhlið. Veggjahæð er allt að 0.80 m á suðurhlið sem lækkar síðan niður í um 0.50 m á norðurhlið við dyraop. Veggjaþykkt um 1 m - 2 m.

**Athugasemdir:**

Um 15 m í suður eftir göngustígnum er önnur tóft, stekkur.

Mynd 1:
Kofatóft við göngustíg suður af Ástjörn, horft til vesturs yfir tóftina sem er undir klettunum.
Mynd 2:
Horft yfir kofatóftina sem er ofan við göngustíginn sem er fyrir miðju þvert yfir myndina. Horft til norðurs.

**Heimildir:**

Sigurður Bergsteinsson. 1989. Óútgefin þjóðminjaskráning Hvaleyri, Hafnarfirði. Þjóðminjasafn Íslands.
Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir. 1996 "Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi" Þjóðminjasafn Íslands.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 52 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Stekkur/Gæsakofi | N 064°03.053' W 021°57.942' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stekkur, gæsakofi/tóft | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftin er fast við göngustíg sem liggur í kringum Ástjörn, við suðvestur enda tjarnarinnar í grasivaxinni brekku undir klapparholti. Norður undan brekkunni er mýrarflói sem liggur til suðvesturs frá Ástjörn.

**Lýsing:**

Tóftin er grasivaxin, en sést í steinahleðslur á austur- og vesturhlið. Stærð tóftarinnar er um 3 m x 4 m. Hleðsluhæð er um 1 m, en lækkar niður í um, 0.40 við dyraop. Veggjaþykkt um 1- 2 m. Suðurhluti tófarinnar liggur fast við göngustíg sem liggur í kringum Ástjörn.

**Athugasemdir:**

Fornleifaskráning var gerð á vegum Þjóðminjasfans árið 1989. Þá var m.a. skráð þessi tóft, þá hafði hún tvö hólf, það sem núna sést og annað sem var sunnan við en það hefur hins vegar farið undir göngustíginn þegar hann var lagður, og er því horfið.
Mynd 1:Kofatóft Horft til suðvesturs.
Mynd 2:
Kofatóft horft til suðurs.
Mynd 3:
Teikning Katrin G. 2004.

**Heimildir:**

Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir. 1996. Fornleifaskráning vegna skipulags í Áslandi og Grísanesi. Þjóðminjasafn Ísland.
Sigurður Bergsteinsson 1989. Þjóminjaskárning í Hafnarfirði. Óútgefið efni. Þjóðminjasafn Íslands.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 53 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hvaleyrarrétt | N 064°03.565' W 021°59.402' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Rétt/Hvaleyrarrétt | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Suður og upp frá Hvaleyrartúnum liggur Hvaleyrarholt. Skammt sunnan við traðarhliðið uppi í holtinu var uppspretta nefnd Heiðarbrunnur. Hér hærra er komið að garðlaginu forna sem lá ofan úr Hvaleyrarholtsklettum vestur og niður af sandinum og suður í gjögur. Í klettunum undir brúninni var Hvaleyrarréttin.
Hvaleyrarréttinn er nú neðan við götu niður af leikskólanum Vesturkoti.

**Lýsing:**

Réttin er grjóthlaðin, en hún er mikið hrunin, auk þess sem grjótið úr henni var notað í skotbyrgi á stríðsárunum, er því ekki gott að átta sig á skipulagi hennar.
Hleðsluhæð er allt að 2 m þar sem það er hæðst á norðurhlið, en yfirleitt um 0.80 - 1 m á hæð. Veggjaþykkt um 1-2 m.
Garður sem er í smá beygjum er frá aðal hleðslunni í vestur.

**Athugasemdir:**

Grjótið úr Hvaleyrarrétt var notað í skotbyrgi á styrjaldarárunum. og er hún því mikið skemmd vegna þess.
Mynd 1.
Horft yfir réttina til norðurs, réttin ber í bygginguna fyrir miðri mynd.
Mynd 2.
Horft til suðurs yfir syðri hluta réttarinnar, og fornagarð sem liggur að henni að vestan.
Mynd 3.
Teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennleiti*" Óútgefið handrit.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 54 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fornigarður | N 064°03.565' W 021°59.402' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Garður/Fornigarður | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Garðurinn er í vestur frá Hvaleyrarréttinni.

**Lýsing:**

Garðurinn er grjóthlaðinn og liggur í smásveigum í landinu í vestur frá Hvaleyrarréttinni. Hleðsluhæð er allt að 0.50 m og þvermál frá 1- 2 m. Lengdin er um 25 m.

**Athugasemdir:**

Mynd. 1.
Horft yfir garðinn til suðvesturs.

**Heimildir:**

Vettvangsrannskókn í ágúst 2004.
Jónatan Garðarsson.2004. Uppdráttur Hvaleyri.



# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 55 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Jónasarlending | N 064°03.832' W 021°59.863' | Horfið | Landeyðing | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Lending/Jónasarlending | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Suður frá Gatkletti sem einu sinni var, er bás nefndur Jónasarlending.
Jónasarlending er niður af suðurenda golfbrautar nr. 17.

**Lýsing:**

Fjara og klettar, ekkert sem vísar á lendingu, nema sjávarföll, kyrrara þar sem lendingin hefur verið.

**Athugasemdir:**

Jónas Jónsson bóndi sem bjó í Tjarnarkoti 1875-1877, og í Sveinskoti 1880-1897, hafði á sumrin þarna uppsátur báts síns.
Mynd 1.
Horft til vesturs yfir sylluna þar sem áður var byrgi frá stríðsárunum. Jónasarlending er fyrir neðan í fjörunni til hægri á myndinni.
Mynd 2.
Sama og mynd 1.

**Heimildir:**


Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.






# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 56 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárskjól | N 064°02.624' W 021°58.597' | Horfið | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárskjól | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Hellisskútinn er við austan við gamla Krísuvíkurveginn , ofan og sunnan við vallahverfið.

**Lýsing:**

Hellisskúti á móti norðri, hugsanlega hefur verið hlaðið fyrir hellisopið, það sést í einfalda steinahleðslu í sömu hæð og landið í kring, fyrir op hellisskútans.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Fjárbyrgi, teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í ágúst 2004.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 57 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þvottaklettar | N 064°03.547' W 021°59.866' | Horfið | Landbrot | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Þvottur/Þvottaklettar | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Sunnan við Hvaleyrarkletta er Stóra-Sandvík og þá klettar sem liggja fram í fjörnuna og nefnast Þvottaklettar

**Lýsing:**

Í klettaskoru í fjöruborðinu eru þessir klettar gerðir af náttúrinnar hendi, um þá rennur hreint vatn undan hrauninu sem síðan rennur út í sjó.

**Athugasemdir:**

Við Þvottakletta skoluðu konur af Hvaleyri léreft sín í ómenguðu jarðvatni og síðan var þvotturinn þurrkaður á klettunum.
Mynd 1.
Horft til austurs yfir þvottakletta, fyrir miðri mynd í steinunum rennur ferskt vatn.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Hvaleyri, Hafnarfjörður, Gullbringusýsa.* Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 58 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Óþekkt | N 064°03.868' W 021°59.794' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Óþekkt/hrúga | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Norðan við friðaðar fornminjar sem eru á Hvaleyrarhöfða.

**Lýsing:**

Þarna er ölöguleg hrúga sem er um 13 m breið, og 10- 15 m löng, hæðin á hrúgunni er um 1.30 m. og í henni sést grjót og staur sem standa upp úr.

**Athugasemdir:**

Ekki er vitað hvað þarna hefur verið en þetta lítur út eins og þarna hafi verið ýtt einhverri byggingu í hrúgu.
Mynd 1.
Horft yfir hrúguna til norðurs.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í ágúst 2004.
Viðtal við Jónatan Garðarsson í ágúst 2004.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 59 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fiskhjallur | N 064°03.776' W 021°58.944' | Horfið | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fiskhjallur/grjót | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Á austanverðu Hjallanesi á Hvaleyrargranda. Í fjöruborðinu.

**Lýsing:**

Fjörugrjót sem liggur í hrúgu, eins og það hafi hrunið úr veggjahleðslum. Stærðin á hrúgunni er um 1.5 m x 2 m, og hæðin á grjótinu fylgir landinu í kring að mestu, fast við steinahrúguna í vestur eru tveir stakir steinar sem gætu hafa verið hornsteinar á einhverju mannvirki, á milli þeirra er um 2 m bil.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðurs, steinahrúga til hægri við steypustykki.
Mynd 2.
Horft til norðurs steinahrúga til hægri við steypustykki.
Mynd 3.
Tveir stakir steinar sem gætu hafa verið hornsteinar á einhverju mannvirki á milli þeirra er um 2 m bil.

**Heimildir:**

Ari Gíslason. Örnefnaskrá Hafnarfjörður. Örnefnastofnun Íslands.





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 60 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Tóft | N 064°03.654' W 021°59.211' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftin er upp af Hvaleyrartjörn í suður, við suðurenda æfingagolfbraut nr. 7.
Á svæði upp af Hvaleyrartjörn, sem næstum myndar þríhyrning með gömlu alfaraleiðinni að Hvaleyrartjörn að sunnan og kotagötunni að norðaustan, og veggjahleðlsu um 100 m langri að vestan.

**Lýsing:**

Tóftin er grasivaxin en sést í hleðslugrjót í innri veggjum tóftarinnar 10 x 8 m veggjaþykkt er um 1- 2 m, veggjahæð á suðurhlið um 0.20 og á noðruhlið u, 0.40 m.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft yfir tóftina til norðausturs.
Mynd 2.
Horft yfir tóftina til norðurs.
Mynd 3.
Teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í ágúst 2004.







# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 61 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhús | N 064°03.616' W 021°59.321' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárhús/tóft | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Fjárhúsið stendur þar sem áður hefur staðið Poltzhús (1775-1787), þar liggur gamla alfaraleiðin niður að Hvaleyrartjörn, meðfram leiðinni er túngarður á norðanverðu.

**Lýsing:**

Fjárhúsið er við túngarðinn sem þarna er austur-vestur. Tóftin er um 11 m x 6-7m að stærð. Veggjaþykkt um 1 m og veggjahæð um 1.20 á austurhlið og 0.60 m á vesturhlið. Inngangur er í tóftina í norðurnorðaustur og annar inngangur á eystri langhlið. Túngarðurinn nær nánast alveg að tóftinni að vestan og austan.

**Athugasemdir:**

Mynd 1. Horft yfir tóftina til austurs.
Mynd 2. Horft yfir tóftina til austurs.
Mynd 3. Teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"







# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 62 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Tóft/óljós | N 064°03.323' W 021°59.200' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Fast austan við teig nr. 8 á æfingarvelli golfvallarins.

**Lýsing:**

Óljósir veggjabútar sem liggja nokkuð samsíða með 5-8 m millibili.

**Athugasemdir:**

Þessi veggjarbrot eru innan þess staðar þar sem stærsta bátasmiðja á Íslandi stóð, en smiðjan brann 2. janúar 1802.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 63 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhús | N 064°03.606' W 021°59.430' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóftarveggir/hleðslur | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftarveggurinn er við vesturendann á Suðurtúngarði, þar sem traðirnar hafa legið heim að Hvaleyrarbænum.

**Lýsing:**

Óljósir tóftarveggir grasivaxnir að mestu, en sést þó í grjóthleðslur. Annar er byggður utan í túngarðinn og er sá veggur 6 m x 3 m, veggjaþykkt um 1 m, veggjahæð um 0.50 m - 0.60 m. Til vinstri við þennan vegg er óljós veggur sem liggur samhliða, með smá upphækkun á milli veggjana, milliveggur, óljós veggur til beggja enda sem nær þó ekki alveg að að fyrri veggnum.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðausturs eftir Suðurtúngarði, fremst er veggjahleðsla sem er aðeins til vinstri við garðinn.
Mynd 2.
Horft til norðausturs eftir Suðurtúngarði, fremst er veggjahleðsla sem er aðeins til vinstri við garðinn.

Mynd 3.
Teikning Katrín G.

**Heimildir:**


Jónatan Garðarson. 2004. "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennleiti*" Óútgefið handrit.








# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 64 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Garður/Kotagata | N 064°03.795' W 021°59.487' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Garður/hleðsla, Kotagata | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Garður þessi liggur suðvestan við Kotagötuna þar sem hún liggur að bæjarstæði hins horfna Vesturkots.

**Lýsing:**

Gaðurinn er grasivaxinn, hann er um 2 m breiður neðst en mjókkar upp og er þar um 1 m á breidd, hleðsluhæð er um 0.60 m.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft eftir garðinum til norðurs. garðurinn fyri miðri mynd.

**Heimildir:**

Vettvangsathugn í september 2004.



# *Fornleifaskrá*

**Aðalnúmer:** 9

**Undirnúmer:** 65

**Landareign:** Hvaleyri

**Landareign nr:** 122353

**Jarðatal 1874:** 168

**Aldur:** 1900 -

**Heiti:** Sríðsminjar

**GPS-Hnit:** N 064°02.824' W 021°57.964'

**Ástand:** Sæmilegt

**Hættumat:** Skógrækt og

**Hætta:** Talsverð

**Tegund minja:** Skotbyrgi/hleðsla

**Friðlýst:** Nei

**Hvenær:**

**Friðlýsa:** Nei

**Merkja:** Já

**Minjagildi:** Talsvert

**Lega og staðhættir:**

Byrgið er sunnan í Grísanesi, og sést vel úr byrginu í suður og vestur yfir nýja byggð á Völlum.

**Lýsing:**

Skotbyrgið er grjóthlaðið, hleðsluhæð allt að 1.50 m þar sem það er hæst í norðvesturhorni, og við austurvegg við inngang þar sem það er 1.20 m, en austuhliðin er um 0.75, suðurhlið er um 0.60 - 1 m. Mikið af timbri ásamt bárujárni er á gólfi tóftarinnar, eru líklega leifar af þaki sem sett hefur verið yfir tóftina, eftir að herinn hætti að nota hana.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Horft yfir skotbyrgið til suðausturs.
Mynd 2:
Horft yfir skotbyrgið til suðvesturs. Mynd 3: Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 15/7 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 66 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Skorbyrgi | N 064°02.892' W 021°58.203' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Skotbyrgi/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Efst í norðanverðu Grísanesi frammi við brún. Með góðu útsýni til norðurs, austurs og vesturs.

**Lýsing:**

Byrgið er steinhlaðið, en talvert hefur hrunið úr veggjahleðslum inn í það. Stærð byrgsins er 11m - 12 m x 7 m - 11 m. Veggjahæð er allt að 1.10 m við norðvestur- og suðausturhorn, og á norðausturhorni um 0.80 m. Á vesturhlið er það um 0.30 m upp í 1.10 m.

**Athugasemdir:**

Fonleifaskráning fór fram á vegum Þjóðminjasafnsins árið 1989. Þá var byrgið skoðað og teiknað. Frá þeim tíma hefur greinilega mikið hrunuð úr því á öllum hliðum.

Mynd 1:
Skotbyrgi horft til suðvesturs.
Mynd 2:
Skotbyrgi horft til norðvesturs.
Mynd 3:
Teikning Katrín G. 2004.

**Heimildir:**

Sigurður Bergsteinsson 1989. Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði. Óútgefið efni. Þjóðminjasafn Íslands.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 67 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Varða | N 064°03.101' W 022°00.331' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Varða/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Varðan stendur norðvestan við golfbraut 5. á vesturhluta golfvallar við Straumsvík.

**Lýsing:**

Varðan er hlaðin úr hraungrjóti, hún er ferhyrnt um 1 m á hlið. en mjókkar upp, hæð hennar um 1.65m

**Athugasemdir:**

Varðan hefur verið tilheyrt alfaraleiðinni sem lá frá Hvaleyrarholti og suður eftir hrauninu.
Mynd 1.
Varðan, horft til norðurs.
Mynd 2.
Horft til vesturs.

**Heimildir:**

Viðtal við Jónatan Garðarsson 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 68 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Gamla Alfaraleiðinn | N 064°03.606' W 021°59.430' | Sæmilegt | Nýbyggingar | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Samgöngubót/Alfaraleið | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Liggur frá Klúbbhúsi Keilis að Hvaleyartjörn að sunnan.

**Lýsing:**

Það sem enn er sýnilegt af götunni er vel afmarkað frá Klúbbhúsi Keilis að Hvaleyrartjörn. Gatan er um 2-3 m á breidd, og er malarborin.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Jónatan Garðarson. 2004. Óútgefin Örnefnaskrá "*Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.*"
Jónatan Garðarsson. 2004. *Uppdráttur af Hvaleyri.*

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 69 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1945 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Skotbyrgi/helsla | N 064°03.848' W 021°59.826' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hleðsla/stríðsminjar | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Á vestanverðum Hvaleyrarhöfða. Vestur af friðlýstum steinum sem þarna eru.

**Lýsing:**

Upphlaðið úr grjóti, ytri hleðslur eru grasivaxnar, en sést í innri hleðslur byrgisins. Stærð byrgisins er um 7 m x 8 m, veggjahæð að innan um 1.20 m en ytribrúni um 0.60 m á hæð, veggjaþykkt 1m - 2 m.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft yfir byrgið til norðvesturs.
Mynd 2.
Teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í september 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 70 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Moðhola/draugur | N 064°03.100' W 022°00.329' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Móðhola/þjóðsaga | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Móðahola er á klapparhrygg sem er utan eða vestan við Skarfaklett. Þar er smáhellisskúti og munnmæli herma að draugur hafi verið kveðinn niður í Móðholu.

**Lýsing:**

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 71 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1945- |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fallbyssustæði | N 064°03.864' W 021°59.831' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/fallbyssustæði | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Byssustæðið er rétt norðvestan við Minorstein.

**Lýsing:**

Byssustæði, þrjár steinsteyptar plötur sem liggja í boga í landinu.

**Athugasemdir:**

Mynd 1. Teikning Katrín G.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í september 2004.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 72 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1945 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Skotbyrgi | N 064°03.845' W 021°59.806' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/þrjú skotbyrgi | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Norðvestast á Hvaleyri, á Hvaleyarhöfða. Rétt við friðaðar fornminjar.

**Lýsing:**

Veggir skýlisins eru upphlaðnir og steyptir, yfir er braggaþak að hluta, sá hluti er um 3 m x 2 m, að honum er smá gangur sem er um 1m breiður og 3 m langur, og veggjahæð um 1.20 m, þar er inngangur í skýlið. Það er að mestu niðurgrafið, sést aðeins í braggaþakið sem stendur uppúr jörðinni ásamt efsta hluta veggjana.

**Athugasemdir:**

Á þessu svæði eru þrjú næstum eins skotbyrgi.
Skotbyrgin voru reist nálægt friðuðum fornminjum, sem eru Minorsteinn, Flókasteinn og fleiri steinar.

Mynd 1. Horft til norðurs yfir skotbyrgið
Skotbyrgi 1: N: 64°03.845 V:21°59.806.
Mynd 2.
Horft til austurs yfir skotbyrgið
Skotbyrgi 2: N: 64°03.845 V: 21°59.806
Mynd 3.
Horft til norðausturs yfir skotbyrgið.
Skotbyrgi 3:N: 64°03.843 V: 21°59.788

**Heimildir:**

Vettvangsathugn í ágúst 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 73 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Byrgi | N 064°03.832' W 021°59.863' | Horfið | Ekkert | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/byrgi | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Upp af þeim stað sem heitir Jónasarlending, og er sunnan við Hvaleyarhöfða.
Byrgið hefur verið á syllu sem hefur hrunið nokkuð úr.

**Lýsing:**

Byrgið er horfið, en það sést í einstaka steina úr byrginu á syllunni.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til vesturs yfir silluna þar sem byrgið var. Jónasarlending fyrir neðan í fjörunni.
Mynd 2.
Sama og mynd 1.

**Heimildir:**

Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri-býlin, túnin og kennileiti.* Óútgefið handrit.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 74 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1945 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Skotgröf/hleðsla | N 064°03.761' W 021°59.782' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/skotgröf | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Skotbyrgið er sunnan við golfbraut nr. 11, niður við fjörukambinn, í grasivöxnum hvammi, innan um hraungrjót.

**Lýsing:**

Skotbyrgið er niðurgrafið, en er í sömu hæð og landið í kring. Innveggir eru upphlaðnir, það er L-laga, lengri hluti þess er um 10 m langur og 1 m breiður, hleðsluhæð um 0.60 m, styttri armurinn er um 6 m langur, og 1 m breiður, hleðsluhæð um 0,80 m

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til austurs yfir skotgröfina.
Mynd 2.
Horft til norðurs yfir skotgröfina.
Mynd 3.
Teikning Katrin G.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun með Jónatani Garðarssyni í ágúst 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 75 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Hleðsla/járngrind | N 064°03.932' W 021°59.816' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/skotgröf | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Vestast á Hvleyrarhöfða, við endan á gólfbraut nr. 15.

**Lýsing:**

Við fjöruborðið grasivaxinn lautarbolli, sem er stallaður. Í neðsta hlutanum er botninn um 2-3 m, og hæðin upp í næsta stall um 0.40 m, sá stallur er eins og krans utan um þann fyrri, um 1 -2 m á breidd og hæðin upp á jafnsléttu um 0.20 m. Frá nesta hluta lautarinnar er járngrind um 3 m löng, og er fest með þremur 0.50 rörum út frá hornunum, og nær grindinn niður fyrir stallinn, ekki þó alveg niður í fjöru.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðausturs yfir skotbyrgið.
Mynd 2.
Horft til norðurs yfir skotbyrgið sem er til hægri á myndinni.
Mynd 3.
Horft til norðurs, grindinn til hægri á myndinni.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í september 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 76 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Þvottahús | N 064°03.701' W 021°59.382' | Lélegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/þvottahús | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Við suðurenda æfingagolfbrautar nr. 3

**Lýsing:**

Upphlaðið og steypt hús, ein hæð með bárujárns risi, það er um 9 x 6 m að stærð.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðurs, þvottahúsið til vinstri á myndinni.

**Heimildir:**

Vettvangsathugn í september 2004.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 77 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1945 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Brunnur | N 064°03.745' W 021°59.429' | Sæmilegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stríðsminjar/Brunnur | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Brunnurinn er við miðja æfingagolfbraut 2 að sunnan.

**Lýsing:**

Brunnurinn er uppsteyptur 3x 3 m á stærð og veggjahæð um 0.75 m, op sem er um 0.50 x 0.50 m er við eitt horn hans.

**Athugasemdir:**

Mynd 1. Horft yfir brunninn til norðurs.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í ágúst 2004.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 78 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Mannabein | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ekkert | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Mannabein | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í sjávarkambinum vestan við Hvaleyrartjörn. Ekki er hægt að staðsetja beinafundinn.

**Lýsing:**

Mannabein fundust í sjávarkambinum á árinu 1924.
Þau voru grafin í kirkjugarði.

**Athugasemdir:**

Í grein eftir Matthías Þórðarson frá 1924-1925, segir m.a.: Að í sjávarbakkanum við Hvaleyri að norðarn hafi fyrir 30 árum orðið vart við mannabein á einum stað ofarlega í bakkanum ásamt nokkrum gripum. Þá hafið nokkrum árum síðar fundist höfuðkúpa ásamt nokkrum hálsliðum, af ungum manni. Það var svo 1924 að vart var við fleiri bein, í bakkanum tvær höfuðkúpur og mörg önnur bein, af tönnum mátti sjá að þarna væri um eldri mann að ræða og annan á miðjum aldri. Við athugun á fundarstaðnum 1925 varð ekki vart við neinar leifar af kistum. Bein þessi munu vera frá síðari öldum, og grafin í Kirkjugarði Hafnarfjarðar.

**Heimildir:**

Matthías Þórðarson 1926. *Fundin á Hvaleyri bein þriggja manna.*Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925-1926. Bls. 57-58. Reykjavík 1926.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 79 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Garðlag | N 064°03.169' W 021°59.609' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Hleðsla/garðlag | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Við norðurhluta á golfbraut 7, sem er að Reykjanesbraut.

**Lýsing:**

Hleðslur í kringum smá hraunrana. Að suðaustan út að Reykjanesbraut er hleðslan um 1m á hæð hlaðin upp að rananum og er 8 - 9 m löng. Raninn er um 2 m breiður. Að norðvestan er hleðslan 6 - 7 m löng og um 1 m á hæð.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Horft til norðurs yfir hleðsluna að golfbraut 7.
Ljósmynd: Katrín G. janúar 2004.
Mynd 2.
Teikning, Katrín G. janúar 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun í september 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 80 | Hvaleyri | 122353 | 168 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhellir/hleðsla | N 064°02.473' W 021°53.347' | Lélegt | Nýbyggingar | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárhellir | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Fjárhellirinn er á svæði sem merkt er J, á korti yfir ný byggingasvæði í landi Hvaleyrar. Hann er rétt sunnan við veg sem er frá spennistöðinnina upp á Ásfjall, svokallaðan Línuveg.

**Lýsing:**

Hellirinn er norðan í hraunrana, er í smá sveig um 8 m langur, og er opin á móti norðaustri. Hleðslur sem hafa verið veggjahleðslur í hellinum hafa hrunið inn í hellinn og er hann illfær.

**Athugasemdir:**

Þar sem hleðslur fjárhellisins hafa hrunið niður og varla mögulegt að segja til um hvar og hvernig þær hafa verið, er ekki ástæða til að varðveita hellinn sem heimild um búsetuhætti fyrra tíma.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun með Jónatan Garðarssyni í febrúar 2005




Fylgiskjal 1